


skoðun 16

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt







# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
1. mars 2011
47. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Hugsar heim

*Kristinn Sigmundsson óperusöngvari er sextugur í dag.*

tímamót 18

## Fékk tvö göt á höfuðið

*Þorsteinn Gunnarsson leikstjóri slasaðist við tökur á stuttmyndinni Bellu.*

fólk 34



## Heiðar heitur

*Heiðar Helguson hefur farið á kostum með toppliði QPR í ensku B-deildinni.*

sport 30

## veðrið í dag




**BREYTINGAR** Suðvestan 8-15 m/s í fyrstu með éljum, en snýst í hvassa sunnanátt S- og SA-til með talsverðri úrkomu syðra. Hlýnar í veðri.

VEÐUR 4



**MOTTUSLAGUR** Lögreglumenn og slökkviliðsmenn áttust við á skautasvellinu í Laugardal í gær þar sem Mottumars, átaki Krabbameinsfélags Íslands, var hleypt af stokkunum. Lögreglan hafði betur en þeir Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri voru hressir í leikslok. Mottumars er árvekni og fjáröflunarátak þar sem takmarkið er að vekja athygli á krabbameini karla og safna áheitum um leið. FRÉTTABLAÐIÐ /GVA

# Fleiri vilja niðurskurð en skattahækkanir

**Um 63 prósent landsmanna vilja frekar niðurskurð en skattahækkanir samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stuðningsmenn Vinstri grænna skera sig úr með því að kjósa fremur skattahækkanir en niðurskurð.**

**KÖNNUN** Meirihluti landsmanna vill frekar að ríki og sveitarfélög skeri niður þjónustu en að þau hækki skatta og álögur vegna erfiðrar fjárhagsstöðu, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 62,9 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni að frekar ætti að beita niðurskurði. Um 37,1 prósent vildi frekar skattahækkanir.

Mikill meirihluti stuðningsmanna annarra flokka en Vinstri grænna vill frekar niðurskurð en skattahækkanir. Af þeim sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn yrði gengið til þingkosninga nú sögðust ríflega 77 prósent frekar vilja niðurskurð. Sama sagði tæplega 61 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar og 60 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins.

Stuðningsmenn Vinstri grænna skáru sig úr hópnum. Í þeim hópi vildu aðeins tæplega 22 prósent frekar niðurskurð, en rúmlega 78 prósent sögðust frekar vilja skattahækkanir. Ekki reyndist marktækt að reikna afstöðu stuðningsmanna Hreyfingarinnar.

## Brugðist við erfiðleikum

Hvort finnst þér að eigi heldur að beita niðurskurði eða skattahækkunum í glímu ríkis og sveitarfélaga við erfiða fjárhagsstöðu?




Heimild: Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2

Talsverður munur var á svörum kynjanna. Tæplega 60 prósent kvenna kjósa frekar niðurskurð en skattahækkanir en ríflega 66 prósent karla.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru líklegri til að vilja frekar niðurskurð en skattahækkanir. Alls vilja tæplega 66 prósent borgarbúa frekar niðurskurð, en ríflega 58 prósent íbúa landsbyggðarinnar.

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 23. febrúar og fimmtudaginn 24. febrúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hvort finnst þér að eigi heldur að beita niðurskurði eða skattahækkunum í glímu ríkis og sveitarfélaga við erfiða fjárhagsstöðu? Alls tóku 52,6 prósent afstöðu. - bj

Hlaða og fjárhús brunnu:

## Grunur um sjálfsíkveikju

**BRUNI** Eldur varð laus í gamalli hlöðu og fjárhúsi á bænum Hurðarbaki í Svínadal í Hvalfjarðarsveit í gærkvöldi. Engar skepnur voru í húsunum, og voru aðrar byggingar ekki í hættu.

Að sögn lögreglu var tilkynnt um eldinn um klukkan 19 í gærkvöldi. Húsið var notað sem haughús fyrir alifuglabú. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu verða upptök eldsins rannsökuð, en grunur leikur á að um sjálfsíkveikju hafi verið að ræða.

Húsin eru talin nánast ónýt, þökin hrundu að mestu og ljóst að mikið tjón hefur orðið. - bj

Hreinlæti ábótavant:

## Sýklarnir heim með starfsfólki

**HEILBRIGÐISMÁL „Bráðsmitandi Noro-veira er orðin krónískt vandamál á öldrunarstofnunum en er nú líka komin út í þjóðfélagið því ekki hefur verið passað upp á grunnreglur hreinlætis," segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands. Hún bendir einnig á að á sumum hjúkrunarheimilum tíðkist að starfsmenn þurfi að þvo vinnubuxurnar heima.**



KRISTÍN Á. ÞORSTEINSDÓTTIR

**Anna Björg Aradóttir sviðsstjóri gæða- og lýðheilsusviðs Landlæknisembættisins segir embættið þurfa að skoða smitleiðir og sýkingarhættu í samráði við sóttvarnalækni. Hún segir ekki mælt með því að heilbrigðisstarfsfólk sé með skartgripi eða langar neglur vegna smithættu, „en við treystum á almenna skynsemi þegar kemur að hreinlæti á hjúkrunarheimilum".** - þlg /sjá Allt í miðju blaðsins

Sjóræningjar taka skútu:

## Dönsk börn gíslar ræningja

**DANMÖRK Sómalískir sjóræningjar hafa tekið skútu danskrar fjölskyldu með valdi og tekið alls sjö danska ríkisborgara í gíslingu. Í hópnum eru hjón og þrjú börn þeirra á táningsaldri, ásamt tveimur starfsmönnum.**

**Samkvæmt dönskum fréttamiðlum var fólkið á hnattsiglingu á 43 feta skútu á Indlandshafi þegar sjóræningjar réðust um borð. Skútan var í gær á siglingu í átt til Sómalíu.**

**Sjórán eru algeng á stóru hafsvæði undan ströndum Sómalíu. Nú er talið að 688 gíslar séu á valdi sómalískra sjóræningja á samtals 31 skip.** - bj


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir.is

## SPURNING DAGSINS



*Ingi, munu tónleikafarar gista á Hotel California?*

Nei, það er víst viðsjárverður staður þannig að við munum gista á Elysée, einu besta hóteli borgarinnar.

Ingi Gunnar Jóhannsson verður fararstjóri í hópferð á tónleika The Eagles í Hamborg nú í júní.

Stjórnlagaráð setji sér sjálft starfsreglur um starfshætti og skipulag:

# Stjórnlagaráð skili tillögum í lok júní

**ALÞINGI** Stjórnlagaráð, sem fjalla á um skýrslu stjórnlaganefndar og leggja til breytingar á stjórnarskránni, á að skila Alþingi tillögum sínum í formi frumvarps fyrir lok júní.

Þingsályktunartillögu um skipun stjórnlagaráðsins var dreift á Alþingi í gær.

Flutningsmenn hennar eru þingmennirnir Álfheiður Ingadóttir VG, Birgitta Jónsdóttir Hreyfingunni og Valgerður Bjarnadóttir Samfylkingunni. Höskuldur Þór Þórhallsson Framsóknarflokki styður tillöguna en telur að framkvæmdarvaldið hefði átt að flytja hana.

Verkefni stjórnlagaráðsins eru þau sömu og stjórnlagaþinginu voru ætluð. Sú breyting hefur orðið að ráðið á sjálft að setja sér starfsreglur um skipulag og starfshætti. Stjórnlagaþingi voru settar nokkuð nákvæmar starfsreglur með lögum.

Þeim 25 sem efstir urðu í kosningu til stjórnlagaþings í nóvember verður boðin seta í stjórnlagaráðinu. Hafni einhverjir boðinu verður þeim sem næstir komu boðin seta. - bþs

### Umfjöllunarefnin

1. Undirstöður stjórnskipunar.
2. Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra.
3. Forsetaembættið.
4. Dómstólar.
5. Kosningar og kjördæmaskipan.
6. Lýðræðisleg þátttaka almennings, m.a. þjóðaratkvæðagreiðslur.
7. Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála.
8. Umhverfismál, þ.á.m. eignarhald og nýting náttúruauðlinda.



**HOSNI MUBARAK** Fall hans verður æ dýpra. NORDICPHOTOS/AFP

Mubarak settar skorður:

## Bannað að fara frá Egyptalandi

**EGYPTALAND, AP** Egypsk stjórnvöld hafa sett Hosni Mubarak, fyrrverandi forseta, og fjölskyldu hans í ferðabann og lagt hald á allar eigur þeirra í bönkum.

Aðgerðirnar ná til Mubaraks, eiginkonu hans, tveggja sona þeirra og eiginkvenna þeirra beggja. Mubarak hrökklaðist frá völdum 11. febrúar eftir 18 daga mótmæli almennings. Hann er talinn hafast við á setri sínu skammt frá bænum Sharm el Sheikh, sem er við Rauðahafið syðst á Sínaískaga.

Saksóknarinn hafði áður fryst eigur þeirra, en hefur nú lagt hald á þær. - gb

### REYKJANESBÆR

**Allur akstur verði vistvænn**

Öll ökutæki sem Reykjanesbær nýtir eiga að nota vistvæna orkugjafa innan fimm ára samkvæmt áætlun bæjaryfirvalda sem vilja að sveitarfélagið. Orkugjafarnir eiga meðal annars að vera rafmagn og metangas.

# Eigandi vatnsbóls vill að Mosfellsbær borgi

**Lögmaður meðeiganda Mosfellsbæjar að Laxnesi 1 segir bæinn skulda landeigendum 127 milljónir fyrir vatnsnotkun í 40 ár. Bærinn segir lögmanninn aðeins starfa í umboði eins meðeiganda en ekki allra fimm eins og hann heldur fram.**

**MOSFELLSBÆR** Meðeigandi Mosfellsbæjar í jörðinni Laxnesi 1 krefst þess að bærinn borgi fyrir vatnstöku úr landinu síðustu 40 árin. Bæjarráð hafnar því og vísar í staðinn í samkomulag við aðra meðeigendur að jörðinni um vegagerð í Laxnesi.

Þórarinn Jónsson, hesta- og ferðaþjónustubóndi í Laxnesi 1, á tæp 6 prósent í jörðinni. Mosfellsbær á fjórðung jarðarinnar og Ragnheiður K. Hansson 44 prósent. Þá eiga hinar þekktu Wathne-systur þrjár hver sex prósent landsins og dánarbú móður þeirra önnur sex prósent. Jörðin er í óskiptri sameign.

Jón Gunnar Zoëga hæstaréttarlögmaður hefur nú fyrir hönd Þórarins óskað eftir því að Mosfellsbær greiði meðeigendum sínum í Laxnesi fyrir töku vatns úr landinu frá árinu 1970. Miðar lögmaðurinn við upplýsingar frá bænum sjálfum um vatnstöku síðustu ára og áætlar að vatnsnotkunin sé orðin tæplega 5,3 milljónir rúmmetra þessi fjörutíu ár. Vatnsbólið í Laxnesi er svokölluð Guddulaug.

Jón Gunnar stakk upp á að fengnir yrðu dómkvaddir matsmenn til að meta verðmæti vatnsins. Eftir að því var ekki svarað af hálfu Mosfellsbæjar hafði hann samband við Orkuveitu Reykjavíkur þar sem hann kveðst í nýju bréfi til bæjarins hafa fengið upplýst að verð á rúmmetra af vatni sé 24,18 krónur. Þess vegna sé skuld Mosfellsbæjar nú við eigendur Laxness orðin ríflega 127 milljónir króna.

Bæjarráð Mosfellsbæjar segist í svari til lögmanns Þórarins enga afstöðu taka til verðmats vegna vatnstökunnar í Laxnesi 1. „Bæjarráðið minnir á að allar hugsanlegar kröfur vegna vatnstökunnar, ef um réttmætar kröfur er að ræða sem eldri eru en fjögurra ára, eru fyrndar,“ segir bæjarráðið en bætir hins vegar við að það vilji samstarf við Þórarin um viðhald vegar og deiliskipulag í Laxnesi. Samkomulag um slíkt samstarf var gert við alla aðra meðeigendur bæjarins í desember síðastliðnum.

Í bréfi Jóns Gunnars Zoëga segir að álit Mosfellsbæjar í málinu breyti ekki staðreyndum. „Hins vegar er honum frjálst að horfa fram hjá því að allir eigendur Laxness 1, að undanskildum Mosfellsbæ, eru aðilar að þessari beiðni um frágang vatnsmálsins,“ segir í bréfi lögmannsins. En nákvæmlega þetta atriði líta bæjaryfirvöld allt öðrum augum:

„Rétt er að taka fram að bæjarráð hefur fengið það staðfest skriflega frá lögmanni Ragnheiðar Jónasdóttur, Wathne systrum og dánarbúi Soffíu Wathne að þau hafi ekki beðið yður eða nokkurn annan að afla upplýsinga um vatnsnotkunina,“ svarar bæjarráðið lögmanni Þórarins Jónssonar. gar@frettabladid.is



**GUDDULAUG** Mosfellingar fá neysluvatn meðal annars á vatnsverndarsvæðinu við Guddulaug í Laxnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR



**ÞÓRARINN JÓNSSON** Hestabóndinn í Laxnesi 1 vill að bæjarsjóður greiði landeigendum fyrir 5,3 milljónir lítra af neysluvatni sem lögmaður hans áætlar að hafi runnið til Mosfellinga frá árinu 1970. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BENSÍNI DÆLT** Ekkert lát er á hækkunum á eldsneyti hérlendis.

Eldsneytisverð enn hækkað:

## Dísilolía komin yfir 230 krónur

**NEYTENDAMÁL** Ekkert lát er á hækkunum á bensínverði hérlendis. Í gær hækkuðu Olís, N1 og Skeljungur verð á lítra af bensíni um fjórar krónur og verð á lítra af dísilolíu um fimm krónur. Eftir hækkanir gærdagsins kostar dísilolía 231,80 krónur hver lítri hjá þessum þremur olíufélögum.

Bensínlítrinn hjá þessum fyrirtækjum kostar nú 226,90 krónur. Þessar hækkanir voru gerðar þrátt fyrir að í gær bærust tíðindi af erlendum mörkuðum um að olíuverð hefði lækkað í kjölfar tíðinda um að olía væri áfram flutt út frá Líbíu þó að þar logi ófriðarbál. - gar

Ný landskjörstjórn kjörin:

## Ástráður í ráðið á nýjan leik

**ALÞINGI Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður var í gær kjörinn til setu í landskjörstjórn. Ástráður var formaður landskjörstjórnar sem sagði sig frá störfum í lok janúar eftir að Hæstiréttur hafði ógilt kosningar til stjórnlagaþings.**

**Björn Jósef Arnviðarson sýslumaður, Freyr Ófeigsson, fyrrverandi héraðsdómari, Jakob Björnsson framkvæmdastjóri og Sigrún Benediktsdóttir lögmaður voru einnig kjörin í landskjörstjórn.** - bþs


Hefur þú prófað ZUMBA?

Dansaðu þig í form með einföldum sporum og skemmtilegri tónlist!



**Nýtt námskeið hefst 7. mars**
Mán og mið í hádeginu kl. 12 eða kl. 17.30

**Þjálfari:** Sigríður Fanndal

**Verð kr. 13.900,-**

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is


Ríki heims þrýsta á Múammar Gaddafí um að láta undan uppreisnarmönnum:

# Gaddafí missir stjórn á olíunni

**LÍBÍA, AP** Múammar Gaddafí og liðsmenn hans hafa enn tök á höfuðborginni Trípólí og fleiri borgum í nágrenninu, en uppreisnarmenn hafa austurhluta landsins á valdi sínu.

Uppreisnarmenn hafa náð olíuframleiðslu landsins að miklu leyti á sitt vald, en búa sig undir hörð átök við liðsmenn Gaddafís í nágrenni höfuðborgarinnar.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt refsiaðgerðir, Bandaríkin og Evrópusambandið hafa aukið þrýsting sinn og einstök ríki hafa gripið til refsiaðgerða til að þrýsta á Gaddafí um að láta af völdum.

Bandaríkjamenn hófu einnig í gær að senda hjálparsveitir til landamæra Líbíu til að aðstoða flóttafólk.

Alþjóðlegi sakadómstóllinn í Haag, sem fer með stríðsglæpamál, hefur sett sig í samband við fyrrverandi liðsmenn úr líbíska hernum til að afla upplýsinga um dauðsföll meðal almennra borgara í tengslum við uppreisnina gegn Gaddafí.

„Upplýsingarnar benda til þess að liðsmenn hliðhollir Gaddafí hafi ráðist á almenna borgara í Líbíu. Þetta gæti talist til glæpa gegn mannkyni og verður að stöðva,“ sagði Luis Moreno-Ocampo, aðalsaksóknari dómstólsins. - gb



**MANNRÉTTINDARÁÐIÐ FUNDAR** Fylgst með ræðu Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, um ástandið í Líbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# 5

Nr. 5: Nýr siðasáttmáli Landsbankans

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU

# Landsbankinn hefur skrifað siðasáttmála

**Við í Landsbankanum** höfum skrifað nýjan siðasáttmála sem tekur gildi í dag. Stefnt er að því að allir starfsmenn staðfesti sáttmálann fyrir 1. júní. Regluleg endurskoðun á siðareglum og stjórnarháttum er í takt við nýja stefnu Landsbankans og framtíðarsýn.



*Útibú Landsbankans við Austurstræti.*

*Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.*

**Hornsteinn í nýrri stefnu**

Nýr siðasáttmáli Landsbankans myndar grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði starfsmanna. Sáttmálinn er hornsteinn í nýrri stefnu Landsbankans og jafnframt leiðbeinandi um hvernig bregðast skuli við siðferðilegum álitamálum. Siðareglurnar eru skrifaðar frá sjónarhorni starfsmanna og lýsa því hvernig þeir vinna og koma fram. Þetta er gert til að árétta ábyrgð hvers og eins.

**1150**
STARFSMENN
Allir staðfesta fyrir 1. júní



*Starfsmenn staðfesta sáttmálann fyrir 1. júní.*

**Siðasáttmáli á vefnum**

Nýr siðasáttmáli er fimmta loforðið sem við efnum á aðgerðalista okkar. Hægt er að kynna sér siðasáttmálann og aðgerðalista bankans á vefslóðinni www.landsbankinn.is/sidasattmali.

Við ætlum að takast á við skuldavanda heimila og fyrirtækja, bæta þjónustu og leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð og gott siðferði. Þjóðin á þennan banka og því fylgir mikil ábyrgð að vera Landsbankinn þinn.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 28.02.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,67 | 116,23 |
| Sterlingspund | 187,51 | 188,43 |
| Evra | 159,93 | 160,83 |
| Dönsk króna | 21,446 | 21,572 |
| Norsk króna | 20,655 | 20,777 |
| Sænsk króna | 18,194 | 18,3 |
| Japanskt jen | 1,4133 | 1,4215 |
| SDR | 181,85 | 182,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,2984

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fulltrúi Framsóknarflokks í Árborg farinn úr samstarfshópi um skipan sorpmála:

# Sakar formann bæjarráðs um hroka

**SVEITARSTJÓRNIR** Helgi Sigurður Haraldsson, fulltrúi Framsóknarflokks í bæjaráði Árborgar, sakar Eyþór Arnalds, formann bæjarráðs og oddvita Sjálfstæðisflokksins, um hroka og hefur sagt sig úr starfshópi um framtíðarskipan sorpmála.

Helgi vísar í bókun Eyþórs Arnalds á fundi bæjarráðs 17. febrúar. Umræðuefnið var framlenging á sorphirðusamningi við sveitarfélagið. Sagði Eyþór að deilt væri um keisarans skegg í málinu. „Bæjarfulltrúar D-lista settu á fót þverpólitískan samráðshóp í sorpmálum, vera kann að það hafi verið misráðið ef samráðið verður til þess að hægja á málum,“ bókaði Eyþór á fundinum.



HELGI SIGURÐUR HARALDSSON



EYÞÓR ARNALDS

„Í bókun þessari tel ég koma fram þvílíkan hroka fulltrúa D-listans, Eyþórs Arnalds, í garð samstarfsfólks síns í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborg, að ég tel mig ekki geta unnið undir svona hótunum og tel því ráðlegast að segja mig úr samráðshópi um stefnumótun í sorphirðu.

Meirihluti D-listans getur þá einbeitt sér að því að gera hlutina eins og honum hentar og þarf ekki að dragnast með bæjarfulltrúa „sem hægir á málum“,“ bókaði Helgi á bæjarráðsfundi í síðustu viku.

Eggert Valur Guðmundsson, fulltrúi Samfylkingarinnar, sagðist á fundinum hafa skilning á afstöðu Helga. „Það er áhyggjuefni ef það sem fram kemur í bókun D-lista fulltrúanna er raunveruleg afstaða þeirra til samráðs og samvinnu allra bæjarfulltrúa um málefni sveitarfélagsins,“ bókaði Eggert sem kvaðst þó engu að síður, eftir umhugsun, ætla að starfa áfram með samráðshópnum. - gar

Vatnajökulsþjóðgarður:

## Umhverfisráðherra staðfestir verndaráætlun

**UMHVERFISMÁL Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra staðfesti í gær stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Fjölmargar athugasemdir við áætlunina bárust. Í tilkynningu frá umhverfisráðuneytinu segir að stjórn þjóðgarðsins hafi svarað þeim „á fullnægjandi hátt og með rökum“.**

**Stjórn félags skotveiðimanna, SKOTVÍS, sagðist í gær harma að fyrirheit um samráð hefðu verið svikin. Vatnajökulsþjóðgarður nær yfir þrettán prósent landsins og er stærsti þjóðgarður Evrópu. Fram kemur að stjórn þjóðgarðsins hafi skipað vinnuhóp um akstur í þjóðgarðinum. Samráð verði við helstu hagsmuna- og umsagnaraðila „í því skyni að tryggja hagsmuni bæði náttúruverndar og útivistar.“** - gar

FÍB skorar á stjórnvöld:

## Vill láta lækka eldsneytisskatta

**NEYTENDAMÁL** Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) skorar á stjórnvöld að lækka opinberar álögur á bílaeldsneyti og koma þannig til móts við fjölskyldur og fyrirtæki í landinu.

Í áskoruninni segir að frá árinu hafi hlutur ríkisins af hverjum seldum bensínlítra aukist úr 76 krónum upp í tæpar 112 krónur. Því hafi kostnaður neytenda aukist um tæp 50 prósent á því tímabili.

FÍB segir ljóst að íslensk stjórnvöld fái litlu ráðið um heimsmarkaðsverð á olíu, en möguleikar séu þó á að létta undir með neytendum með tímabundinni lækkun á álögum. - þj

# Hægðalosandi lyf unnið úr þorskalýsi

**Sprotafyrirtækið Lipid Pharmaceuticals er á góðri leið með að þróa fyrsta íslenska frumlyfið í samvinnu við Lýsi hf. Lyfið, sem er meðal annars ætlað gegn hægðatregðu, er þróað úr íslensku þorskalýsi. Fleiri lyf úr lýsi eru í bígerð.**

**VÍSINDI** Íslenska sprotafyrirtækið Lipid Pharmaceuticals (LP) vinnur nú að þróun lyfs gegn hægðatregðu í samvinnu við Lýsi hf. Lyfið er í formi endaþarmsstíla en grunnhráefnið í lyfinu er íslenskt þorskalýsi. Að sögn Orra Þórs Ormarssonar, læknis og aðalrannsakanda verkefnisins, eru farnar nýjar leiðir í fullvinnslu íslenskrar sjávarafurðar og verðmætasköpunar.

„Lýsi er með fríum fitusýrum í sér sem hefur sýnt sig að hafa veiru- og bakteríudrepandi áhrif. Upprunalegi tilgangurinn var að meðhöndla gyllinæð og aðra bólgusjúkdóma í endaþarmi. Stíllinn reyndist nokkuð óvænt hafa hægðalosandi áhrif í prófunum á fólki og ákveðið var að rannsaka það betur,“ segir Orri.

LP er sprottið upp úr samvinnu starfsmanna Háskóla Íslands og Landspítalans, en rannsóknarvinna hófst fyrir sjö árum. Hjá fyrirtækinu starfa þrír í hlutastarfi, en fleiri koma að verkefninu. Lýsi hf. er stór hluthafi í sprotafyrirtækinu, en Tækniþróunarsjóður og AVS, rannsóknarsjóður í sjávarútvegi, hafa einnig stutt verkefnið.

Markmið fyrirtækisins er að þróa, skrá og markaðssetja, bæði hér á landi og erlendis, fyrsta frumlyfið sem þróað hefur verið á Íslandi. „Vonast er til að lyfið komist á markað á Íslandi árið 2013 og geti skapað tekjur og sparað innflutning á sambærilegum erlendum lyfjum,“ segir Orri.

Orri segir lyfið vera í öðru stigi rannsókna og niðurstaða sé að vænta í vor. „Ef niðurstöður eru jákvæðar er hægt að hefja þriðja og síðasta stig rannsóknarinnar. Það er mikil vinna og sækja þarf um öll tilheyrandi leyfi, en miklar gæðakröfur eru í lyfjarannsóknum á fólki og framleiðslu lyfja.“



**ORRI ÞÓR ORMARSON** Lýsi hefur veiru- og bakteríudrepandi áhrif.

> Stíllinn reyndist nokkuð óvænt hafa hægðalosandi áhrif í prófundum á fólki.
>
> **ORRI ÞÓR ORMARSSON**
> LÆKNIR

Orri segir lyfjaþróun vera almennt dýra. Framleiðsla lyfja geti kostað frá 60 milljónum til 250 milljarða króna en fyrirtækið hefur reynt að þróa lyfið með talsvert minni kostnaði en þekkist annars staðar. „Við höfum reynt að nýta okkur þá þekkingu sem er til staðar hér á landi hjá Lýsi hf., háskólanum og sjúkrahúsum. Einnig er hugsanlegt að fá erlend lyfjafyrirtæki til að taka þátt í síðasta hluta rannsóknarinnar,“ segir Orri.

Fleiri hugmyndir eru um vinnslu lyfja og skyldra vara úr þorskalýsi hjá fyrirtækinu. „Byrjað er að þróa græðandi smyrsli sem hugsanlega verður markaðssett sem náttúruafurð. Einnig á eftir að skoða betur veiru- og bakteríudrepandi áhrif þorskalýsisins,“ segir Orri. - jtó



**ELDBORG** Stærsti salurinn í Hörpunni er nefndur Eldborg.

Harpa opnar miðasölu í dag:

## Búist við miklu álagi í miðasölu

**MENNINGARMÁL** Sala á miðum í tónlistarhúsið Hörpu hefst á hádegi í dag. Í fréttatilkynningu segir að búist sé við miklu álagi og að lögð sé áhersla á jafnan aðgang allra að miðum. Miðasalan opni samtímis á netinu, í gegn um síma og í Aðalstræti 2.

„Á meðal viðburða sem selt verður inn á eru opnunartónleikar Hörpu þar sem að Vladimir Ashkenazy stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónleikar stórstjórnunnar Jonasar Kaufmann sem eru hluti af Listahátíð í Reykjavík,“ segir í tilkynningu og fjölmargir aðrir viðburðir boðaðir, meðal annars djasspopparinn Jamie Cullum og Mahlerveisla Sinfóníunnar og sænsku sópransöngkonunnar Camillu Tilling. Einnig spænska gleðisveitin Ojos de Brujo og tónleikar Páls Óskars og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. - gar

### SJÁVARÚTVEGUR

**Góð loðnuveiði á Faxaflóa**

Góð loðnuveiði hefur verið við Snæfellsnes síðustu daga samkvæmt frétt frá HB Granda. Mörg skip hafa þó lent í því að rífa nætur og hafa þurft að fara í land til að láta gera við þær. Nú styttist í hrygningu hjá loðnunni en ekki er þó talið að hrygning hefjist fyrr en eftir nokkra daga.


Er þinn auður í góðum höndum?

Okkar viðskiptavinir velja óháðan aðila sem hefur skynsemi og áhættumeðvitund að leiðarljósi.

Komdu með séreignarsparnaðinn til Auðar.



AUÐUR CAPITAL
Borgartúni 29
S. 585 6500
www.audur.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**KAFLASKIPT** Veður breytist síðdegis en þá gengur í hvassa sunnanátt við suður- og austurströndina með hlýnandi veðri og mikilli vætu um tíma syðra. Stíf vestanátt og él norðaustan til á morgun, en þá léttir til og dregur úr vindi syðra.




**Á MORGUN** 10-18 m/s A-til, annars hægari.

**FIMMTUDAGUR** 5-13 m/S.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 2° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 7° |
| Mallorca | 13° |
| New York | 7° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | -2° |
| París | 7° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 2011
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL
20. MAÍ – 5. JÚNÍ



Glæsilegir tónleikar í Eldborg, stóra sal Hörpu, 21. maí þar sem einn fremsti tenórsöngvari heims Jonas Kaufmann kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og syngur m.a. aríur úr Tosca, Carmen, Cavalleria rusticana, Lohengrin og Werther. Einnig verða nokkrir vinsælir óperuforleikir á efnisskránni.

**Stjórnandi:** Peter Schrottner.

„Söngur sem býr yfir undraverðri fágun og fegurð“
**Guardian**

„Söngvari sem hittir mig beint í hjartastað“
**Placido Domingo**

**Tryggðu þér miða á einstakan listviðburð!**

**Miðasala hefst í dag kl. 12**

**Miðasala:**
**528 5050 | www.listahatid.is | www.harpa.is**

# JONAS KAUFMANN

## og Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð í Hörpu, 21. maí kl. 17

Fíton/SÍA FI036496

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Hörpu.

Iceland Express · Center Hotels · Samskip · Fréttablaðið · Pósturinn · Landsvirkjun · Sinfóníuhljómsveit Íslands · Harpa Tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að kjósa í þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave 9. apríl?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 92% |
| NEI | 8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú góður kokkur?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Óráðið hvernig staðið verður að kynningu á þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave:

# Frumvarpið í pósti á öll heimili

**ALÞINGI** Innanríkisráðuneytið hefur ekki ákveðið hvernig staðið verður að kynningarmálum í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave-lögin 9. apríl.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra svaraði fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur, Hreyfingunni, með þeim hætti á Alþingi í gær að lögbundið væri að senda lagafrumvarpið sem í hlut á inn á heimili allra landsmanna. „Þar lýkur lagaskyldunni,“ sagði ráðherrann. Ögmundur sagði að fyrst og fremst ætti að kynna málið í fjölmiðlum og sagði mikilvægt að RÚV yrði vettvangur óhlutdrægrar umræðu um málið.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Margrét sagði að fjölmiðlar væru mjög pólitískir en Icesave-málið væri gríðarlega flókið. Almenningur ætti rétt á óháðri kynningu hægt væri að treysta. Ráðuneytið ætti því að fá „óháðan aðila til að sjá um kynningarmál í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar“.

Ögmundur sagði að þegar mál byggðu að hluta á líkindum og vangaveltum væru ekki til fullkomlega óháðar stofnanir. Hann sagði ekki útilokað að ráðuneytið stæði fyrir ítarlegri kynningu en skylt er samkvæmt lögum en það yrði aðeins gert að mjög íhuguðu máli. - pg

Hvítasunnumaður dæmdur:

# Ársfangelsi fyrir fjárdrátt

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í ársfangelsi, þar af níu mánuði á skilorði, fyrir að draga sér tæpar 18 milljónir frá Hvítasunnukirkjunni meðan hann var framkvæmdastjóri og prókúruhafi þar.

Maðurinn dró sér féð á sex og hálfs árs tímabili og notaði í eigin þágu. Hann játaði brot sitt og var það virt honum til málsbóta. Auk fangelsisdómsins var hann dæmdur til að endurgreiða Hvítasunnukirkjunni fjármunina. - jss



**VIRKJAÐ** Athugun á hagkvæmni þess að flytja út rafmagn hefur staðið yfir hjá Landsvirkjun í um það bil ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLI KR. ÁRMANNSSON

Skoða útflutning á rafmagni:

# Flytja út þegar verðið er hátt

**ORKUMÁL** Könnun á hagkvæmni þess að flytja rafmagn með sæstreng frá Íslandi til Skotlands er enn í gangi hjá Landsvirkjun, en niðurstöðu er ekki að vænta fyrr en í lok árs, segir Ragna Sara Jónsdóttir, yfirmaður samskiptasviðs Landsvirkjunar.

Í frétt Bloomberg-fréttaveitunnar sem birtist í gær sagði að áformað væri að flytja út álíka mikla orku og framleidd er Íslandi í dag.

Ragna Sara segir þetta fjarri lagi, og frétt Bloomberg hafi verið leiðrétt. Verið sé að kanna hvort hagstætt væri að leggja streng til að selja takmarkað magn af orku á ákveðnum tímapunktum, þegar verðið á markaði í Evrópu sé hvað hæst. - bj

## DÓMSMÁL

**Réðst á og hótaði lögreglu**

Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega tvítugan mann fyrir að ráðast með ofbeldi gegn tveim lögreglumönnum og hóta þeim og þriðja lögreglumanninum líkamsmeiðingum og lífláti. Atburðurinn átti sér stað í Reykjanesbæ.

# Ríkisstjóri mætir harðri mótspyrnu

**Verkalýðsfélög í Wisconsin berjast gegn áformum ríkisstjórans um að svipta þau samningsrétti. Tveggja vikna setuverkfall í þinghúsi ríkisins heldur áfram. Lögreglan sá ekki ástæðu til að fjarlægja mótmælendur með valdi.**

**BANDARÍKIN, AP** Hópur mótmælenda í þinghúsinu í Madison, höfuðborg Wisconsin-ríkis, segist ætla að sitja sem fastast eftir rúmlega tveggja vikna setuverkfall.

Fólkið er að mótmæla áformum ríkisstjórans Scotts Walker um að svipta verkalýðsfélög í ríkinu samningsréttinum, sem hefði það í för með sér að starfsmenn hjá ríkinu gætu aðeins samið um kaup og kjör hver í sínu lagi.

Lögreglan hafði gefið mótmælendunum frest til klukkan 16 á sunnudag til að rýma þinghúsið svo þinghald gæti hafist aftur í gærmorgun, en ákveðið var að fjarlægja fólk ekki með valdi þótt fresturinn væri runninn út.

„Fólkið hefur hagað sér löglega og sýnt ábyrgð,“ sagði Charles Tubbs, yfirmaður lögreglunnar. „Það er engin ástæða til að huga að handtökum.“

Þetta hefur verið mikið hitamál í Bandaríkjunum síðustu daga og vikur, því fleiri ríkisstjórar Repúblikanaflokksins hafa gert sig líklega til að fara að fordæmi Walkers.

Þrátt fyrir meirihluta repúblikana á ríkisþinginu í Wisconsin hefur Walker ekki enn tekist að fá málið afgreitt. Þar strandar á fjórtán demókrötum í öldungadeildinni, sem brugðu á það ráð að fara úr ríkinu yfir til Illinois. Þar með sáu þeir til þess að atkvæðagreiðsla um málið yrði ekki gild, þar sem ekki yrðu nægilega margir þingmenn viðstaddir í deildinni.




**SETUVERKFALL Í ÞINGHÚSINU** Ríkisstjórinn reynir að nota bágan efnahag til að ná fram gömlu baráttumáli repúblikana. NORDICPHOTOS/AFP

Demókratarnir segjast ætla að vera fjarverandi svo lengi sem þörf krefur. Þeir geta ekki hugsað sér að verkalýðsfélögin verði svipt þessum grundvallarrétti, sem fékkst eftir harða baráttu á síðustu öld.

Repúblikaninn Walker, sem er nýtekinn við sem ríkisstjóri í Wisconsin, hefur ekkert viljað ræða við verkalýðsfélögin um þetta mál. Verkalýðsfélögin höfðu fallist á áform hans um kjaraskerðingar með tilliti til erfiðrar fjárhagsstöðu ríkisins, en standa fast á því að gefa ekki frá sér samningsréttinn.

Það er gamalt baráttumál margra repúblikana í Bandaríkjunum að svipta verkalýðsfélög samningsrétti, og nú þegar fjárhagsstaða ríkisins er með aumasta móti, ætlar Walker ekki að líða slíkt lengur.

„Ár eftir ár hafa ríkisstjórar og þingmenn á undan okkur ýtt þessu máli á undan sér,“ segir Walker. „Við getum ekki gert það. Við erum á hausnum. Það er kominn tími til að einhver standi upp og segi sannleikann í ríkinu okkar, og segi: þetta er vandinn, þetta er lausnin og gerum þetta.“

gudsteinn@frettabladid.is



**SUMARSTÖRF** Óvíst er hversu mörg sumarstörf verða í boði í sumar.

Opnað fyrir umsóknir í dag:

# Hægt að sækja um sumarstörf

**VINNUMARKAÐUR Reykjavíkurborg opnar fyrir umsóknir um sumarstörf í dag. Ungmenni fædd 1994 eða fyrr geta sótt um fjölbreytt sumar- og afleysingastörf á vef borgarinnar, reykjavik.is.**

**Einungis verður hægt að sækja um störf með rafrænum hætti en þeir sem ekki hafa aðgang að vefnum geta komið við í Hinu húsinu við Pósthússtræti.**

**Ekki er ljóst hversu mörg störf verða í boði í sumar, en til samanburðar réði borgin í rúmlega 1.500 sumarstörf á síðasta ári.** - þj

Sjálfstæðismenn ítreka vilja:

# Virkjað í neðanverðri Þjórsá

**ALÞINGI** Ellefu þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram frumvarp um að Landsvirkjun verði veitt leyfi fyrir þremur virkjunum í neðri hluta Þjórsár: Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Skulu framkvæmdir hefjast hið fyrsta.

Frumvarpið er endurflutt frá síðasta þingi. Þá hlaut það ekki afgreiðslu.

Í greinargerð segir að virkja beri til að efla atvinnulíf á sunnanverðu landinu. Virkjanirnar þrjár hafi þegar farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum án athugasemda og þyki fjárhagslega hagkvæmar. - bþs




EIMSKIPS BIKARINN

# Til hamingju!

Eimskipafélag Íslands þakkar keppendum, HSÍ og öðrum aðstandendum
í Eimskipsbikarnum 2011 fyrir ánægjulegt samstarf og óskar þeim allra heilla í framtíðinni.




Fram, bikarmeistarar kvenna í Eimskipsbikarnum 2011
Fram 25 – Valur 22




Valur, bikarmeistarar karla í Eimskipsbikarnum 2011
Valur 26 – Akureyri 24



FH, bikarmeistarar 2. flokks karla 2011
FH 32 – Stjarnan 24



Fram, bikarmeistarar í 3. flokki kvenna 2011
Fram 30 – Fylkir 21



KA, bikarmeistarar 3. flokks karla 2011
KA 35 – Valur 33




Selfoss, bikarmeistarar í 4. flokki kvenna 2011
Selfoss 33 – ÍBV 22




Selfoss, bikarmeistarar 4. flokks karla 2011
Selfoss 26 – FH 22

Fiton/SÍA

EIMSKIP
*Yfir hafið og heim*

Korngarðar 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hversu hátt hlutfall íslenskra lækna býr í útlöndum?*

**2.** *Hvað heitir leiðtogi írska Fine Gael stjórnmálaflokksins?*

**3.** *Hvað heitir tónlistarhátíðin sem fram fór í leikhúsinu Norðurpólnum fyrir helgi?*

**SVÖR**

*3. Bergen-Reykjavík-Nuuk.*

*1. Um það bil þriðjungur. 2. Enda Kenny.*

Starfsmannastjóri Alþingis og ritstjóri Kastljóss ósammála um nímenningamálið:

# Kastljós hafnar ásökunum um einhliða umfjöllun

**DÓMSMÁL** Sigmar Guðmundsson, ritstjóri Kastljóss RÚV, vísar á bug staðhæfingum, sem Karl M. Kristjánsson, starfsmannastjóri Alþingis, setti fram í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær, um að Kastljósið hafi fjallað einhliða um mál nímenninganna svokölluðu. Við sýningu á upptöku frá atburðinum hafi verið fjarlægðir þeir kaflar sem sýndu best hvernig ráðist var skipulega og með hörku á starfsmenn Alþingis.

„Gífuryrði starfsmannastjórans um að Kastljós hafi sett myndbandið fram á villandi hátt eða leynt mikilvægum pörtum þess, eiga sér hvorki stoð í raunveruleikanum né ákæruatriðum málsins,“ segir í yfirlýsingu frá Sigmari. „Við réttarhöldin kom fram að Alþingi hafði aðeins lagt fram hluta af því myndefni sem til var, afganginum var eytt af starfsmanni þingsins.“ Ef eitthvað skorti upp á samhengi málsins skrifist sú handvömm á Alþingi en ekki Kastljós.

Karl M. Kristjánsson ítrekaði í yfirlýsingu í gær að í því myndefni sem Kastljós sleppti sjáist hvar þingvörðum er haldið og valdi beitt. Kastljós hafi ekki sýnt þá samfelldu atburðarás sem dóminum var sýnd. Það hafi verið á ábyrgð Kastljóss „að fara með hlutlausan fréttaflutning af málinu og varpa upp öllum hliðum málsins“. **- pg**



**ALÞINGI** „Kastljós sýndi öll þau myndbrot sem snúa beint að ákæruliðunum,“ segir Sigmar Guðmundsson.



**ENDA KENNY** Talningu var að mestu lokið í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarmyndun rædd:

## Kenny ræðir við Gilmore

**ÍRLAND, AP** Viðræður Fine Gael og Verkamannaflokksins um stjórnarmyndun hófust í gær á Írlandi, þegar ljóst var orðið að Fine Gael myndi ekki ná meirihluta þrátt fyrir mikinn kosningasigur.

Saman virtust leiðtogar flokkanna, þeir Enda Kenny og Eamon Gilmore, ætla að fá um 113 þingsæti til umráða á 166 manna þjóðþingi Írlands.

Írskir kjósendur refsuðu Fianna Fáil fyrir efnahagshrunið en kusu í staðinn Fine Gael, þótt munurinn á stefnu þessara tveggja flokka hafi lengi verið sáralítill. **- gb**

## SAMFÉLAGSMÁL

### Fleiri hárskera vantar

Fjölskylduhjálp Íslands leitar nú að fleiri hárskerum til þess að klippa skjólstæðinga sína. Ákveðið var að fara af stað með ókeypis klippingu hjá Fjölskylduhjálp á mánudögum og hefur aðsókn verið svo mikil að ekki er hægt að anna eftirspurn.

# Niðurgreiðslur í stað tolla

**Formaður samninganefndar Íslands telur nánast útilokað að viðhalda tollvernd í landbúnaði eftir inngöngu í ESB, en hans menn útiloka þó ekkert. Meirihluti Alþingis vill raska stuðningi við landbúnað sem minnst.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hver er staðan á tollamálum í aðildarviðræðum Íslands og ESB?

Nánast útilokað er að íslenskur landbúnaður verði áfram verndaður með tollum gangi Íslendingar í Evrópusambandið, sagði Stefán Haukur Jóhannesson, formaður samninganefndar Íslands gagnvart ESB, á dögunum, á síðasta aðalfundi Félags kúabænda á Suðurlandi.

Nokkrum dögum fyrr, í lok janúar, lauk rýnifundi Íslands og ESB um landbúnaðarmál úti í Brussel. Blaðið hefur greint frá því að þar áréttaði samningahópur Íslands „mikilvægi þeirrar verndar sem íslenskur landbúnaður nýtur í formi tollverndar“.

Álit meirihluta utanríkismálanefndar um aðildarviðræður við ESB er grundvöllur núverandi samningaferlis Íslands. Þar leggur meirihlutinn áherslu á, í beinu framhaldi af umræðu um tollvernd, að mikilvægt sé að „leita allra leiða til að búa svo um hnúta að stuðningi við landbúnað verði sem minnst raskað“.

### Matvælaverð og bændurnir

Fyrirheit sem þessi urðu Ernu Hauksdóttur, framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar, efni til að óttast það hér í blaðinu að ávinningur ferðaþjónustunnar af hugsanlegri inngöngu landsins í ESB kynni að verða minni en ella.

Taldi Erna að Íslendingum yrði áfram gert að kaupa landbúnaðarvöru frá meginlandi Evrópu gegn „yfirgengilegum tollum“. En hátt matarverð á Íslandi dregur úr samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar, að mati Ernu.



**UPPSKERA Í NORMANDÍ** Við inngöngu í ESB hafa þjóðir hingað til samræmt tolla sína við tollaskrá Evrópusambandsins. NORDICPHOTOS/AFP

Fleiri hafa bent á að í aðildarviðræðunum kunni hagsmunir bænda og neytenda að stangast á. Þó skal þess getið að bændur telja tollvernd halda matarverði niðri.

### Alþingi reiknar vart með tollvernd

Fyrrgreind ummæli Stefáns Hauks hjá kúabændum má lesa á vef Búnaðarsambands Suðurlands. Búnaðarsambandið ályktar sem svo að skoðun formannsins sé á skjön við meirihlutaálit utanríkismálanefndar og hefur mátt lesa svipaðar ályktanir víðar á vefnum.

En í þeim kafla títtnefnds álits sem fjallar um þjóðhagsleg áhrif hugsanlegrar aðildar Íslands segir:

„Þó má ætla að breytingar muni verða á sviði landbúnaðar þar sem landbúnaðurinn mun þurfa að laga sig að breyttum reglum sem munu ekki síður varða neytendur vegna afnáms tolla á innfluttum landbúnaðarafurðum frá ESB.“

Því má ljóst vera að utanríkismálanefnd Alþingis gerði sér grein fyrir því að inngánga í ESB þýddi afnám tolla milli Íslands og ESB, enda hefur svo verið um allar aðrar þjóðir sem gengið hafa í sambandið.

### Öllu haldið opnu

Þessum möguleika, að viðhalda tollvernd, er þó haldið opnum. Utanríkismálanefnd taldi enda ástæðu til að athuga hvort nauðsynlegt væri að „útvíkka gildandi reglur ESB til að ná fram heimildum fyrir Ísland til að tryggja sem best stöðu íslenskra bænda“.

Harald Aspelund, varaformaður samningahóps Íslands um landbúnaðarmál, var spurður oftar en einu sinni um tollvernd á kynningarfundi hjá Mími símenntun fyrir skemmstu og hvort henni ætti að viðhalda. Til dæmis hvort til stæði að bjóða upp á franska osta hér á sambærilegu verði og á meginlandinu.

„Við höfum ekki mótað okkur samningsafstöðu,“ svaraði Harald og treysti sér ekki til að kveða fastar að orði. Samningsafstaða Íslendinga verður ekki fastmótuð fyrr en að yfirstandandi rýniferli loknu, en því lýkur í sumar.

Ýmsar aðrar leiðir hafa verið nefndar til að viðhalda stuðningi við bændur, svo sem að fá íslenskan landbúnað flokkaðan sem heimskautalandbúnað, en það hefur í för með sér rýmri heimildir til niðurgreiðslna til bænda.

**klemens@frettabladid.is**




víb

**Icesave samningurinn á mannamáli**

**Opinn fundur VÍB stofunnar 2. mars kl. 16.30 á Kirkjusandi**

Jón Bjarki Bentsson frá Greiningu Íslandsbanka og Lárus Blöndal hrl., sem sat í Icesave samninganefndinni, ræða helstu atriði samningsins og taka á móti spurningum gesta.

Fundurinn verður á 5. hæð á Kirkjusandi. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Skráning í síma 440 4900 og á vib.is.

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is | www.vib.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 10-2353

# Fermingartilboð

## Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

**NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur**



## VALHÖLL

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 80x200 | 83.880 kr. | **69.900 kr.** |
| 90x200 | 83.880 kr. | **69.900 kr.** |
| 120x200 | 101.880 kr. | **84.900 kr.** |
| 140x200 | 107.880 kr. | **89.900 kr.** |
| 153x203 | 119.880 kr. | **99.900 kr.** |

Bonnel gormakerfi, gæðabólstrun, vandaðar steyptar kantstyrkingar, góð nýting á svefnfleti



## SAGA

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 90x200 | 107.880 kr. | **89.900 kr.** |
| 100x200 | 113.880 kr. | **94.900 kr.** |
| 120x200 | 131.880 kr. | **109.900 kr.** |
| 140x200 | 143.880 kr. | **119.900 kr.** |
| 153x203 | 155.880 kr. | **129.900 kr.** |

7 svæðaskipt heilsudýna með pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steyptar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa



## ÞÓR

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 100x200 | 125.880 kr. | **104.900 kr.** |
| 120x200 | 149.880 kr. | **124.900 kr.** |
| 140x200 | 167.880 kr. | **139.900 kr.** |
| 153x203 | 179.880 kr. | **149.900 kr.** |

7 svæðaskipt heilsudýna með tvöfölduu pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, eggjabakka-þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steyptar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa



## IQ-CARE

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | **134.900 kr.** |
| 100x200 | **144.900 kr.** |
| 120x200 | **164.900 kr.** |
| 140x200 | **179.900 kr.** |
| 153x203 | **179.900 kr.** |

**Ein besta heilsudýna í heimi,** hápróuð þrýstijöfnunar-heilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

**Öll verð með botni og fótum**

**10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum**







**Svefn & heilsa**




www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildamyndina:

**Grænir hermenn** úr heimildarmyndaröðinni "China Screen" (2010)

**Askja, st. 132, fimmtudagur 3. mars 2011, kl. 17:30**

Um 50 þúsund farandverkamenn í Fengjiang mynduðu hersveit sem tekur á málmúrgangi vestrænna þjóða, allt að tvö milljón tonn af rusli ár hvert. Líf þeirra er látlaus barátta og þeir stofna heilsu sinni í hættu vegna skelfilegra vinnuaðstæðna. Brotajárnið safnast enn og varpar því kvikmyndin átakanlegu ljósi á neytendasamfélag okkar.




**Allir velkomnir Aðgangur ókeypis!**

**Sýningartími er 52 mín.**

北极光孔子学院 KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS

konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

Derma ECO tilboð í Heilsuhúsinu

1.-7. mars




20% afsláttur ef keypt er
- dag-og næturkrem saman
- sjampó og hárnæring saman

Derma Eco
lífrænt vottaðar húðsnyrtivörur

ECO CERT ORGANIC COSMETIC · Astma-Allergi Forbundet

heilsuhúsið

**Líf án streitu**

**Jafnvægi og vellíðan -**

**Námskeið fimmtudaginn 3. mars kl. 17.00 - 20.00**
**Kr. 4.900 Skráning í síma 560 1010 eða á heilsuborg@heilsuborg.is**

Hvaða áhrif hefur streita á líkamlega og andlega heilsu?
Vilt þú læra að þekkja þína streituvalda?
Getum við nýtt streitu á uppbyggjandi hátt og öðlast heilbrigðara líf?


*Erla Gerður Sveinsdóttir, læknir*


*Magna Fríður Birnir, hjúkrunarfræðingur*


*Sigrún Ása Þórðardóttir, sálfræðingur*

HEILSUBORG
Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
*Faxafeni 14 www.heilsuborg.is*

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




**Allt sem þú þarft...**

Hæstiréttur staðfestir framlengingu gæsluvarðhalds yfir meintum þýfissala:

# Þýfiskaupendur yfirheyrðir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur að undanförnu yfirheyrt hóp fólks sem lagt hafði töluverðar fjárhæðir inn á reikning manns sem grunaður er um að hafa tekið við þýfi og selt það áfram. Hæstiréttur staðfesti í gær áframhaldandi gæsluvarðhald yfir manninum til 17. mars næstkomandi.

Upphaf málsins má rekja til rannsóknar lögreglu á innbrotaöldu á höfuðborgarsvæðinu, sem leiddi til þess að fjórir voru handteknir. Þeir hafa viðurkennt sjötíu innbrot. Skömmu síðar handtók lögreglan tvo menn til viðbótar. Þeir eru bræður. Við húsleit fannst allmikið þýfi úr innbrotunum. Einnig kvittanir sem bentu til útflutnings á peningum, svo og handskrifaðir listar þar sem taldir voru upp ýmsir munir og verð.



**LÖGREGLAN** Upprætti öflugt þjófagengi.

Einn hinna fjögurra sem handteknir voru í fyrri atrennunni hefur viðurkennt að hafa látið annan bræðranna hafa þýfi. Hann vissi jafnframt um fleiri sem seldu honum illa fengna muni.

Þeir sem yfirheyrðir hafa verið vegna gruns um kaup á þýfi af manninum hafa ýmist viðurkennt það eða sagst hafa skuldað honum peninga, sem þeir væru að endurgreiða. - jss

# Afnám heimgreiðslu borgarinnar umdeilt

**Sjálfstæðismenn í menntaráði segja að afnám heimgreiðslu muni hafa í för með sér aukinn kostnað og skerðingu á þjónustu. Meirihlutinn segir að um forgangsröðun sé að ræða. Áhersla sé frekar lögð á leikskólavist en dagforeldra.**

**SKÓLAMÁL** Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í menntaráði Reykjavíkurborgar, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, gagnrýnir yfirvofandi afnám heimgreiðslu, eða þjónustutryggingar, til foreldra ungra barna. Formaður menntaráðs segir að málið snúist um forgangsröðun.

Í fjárhagsáætlun ársins kemur fram að heimgreiðsla sé aflögð frá og með 1. apríl næstkomandi. Um er að ræða 20.000 króna mánaðarlegt framlag til foreldra barna frá 9 mánaða aldri, 6 mánaða í tilfelli einstæðra foreldra, til 3ja ára. Heimgreiðslu er ætlað að brúa bilið frá fæðingarorlofi þar til barnið byrjar í leikskóla. Foreldrar ráða hvort þeir nýta upphæðina til að greiða niður þóknun til dagforeldra eða vera sjálfir heima með barnið. Börn á þriðja ári þurftu hins vegar að vera komin á biðlista á leikskóla til að eiga rétt á heimgreiðslu.

690 börn fengu heimgreiðslu með sér í fyrra, en áætlaður fjöldi í ár er yfir 900 börn. Kostnaður borgarinnar vegna þessa úrræðis var 213 milljónir í fyrra, en er ráðgerður 55,4 milljónir í ár, fram að niðurlagningu.

Í nýlegri úttekt leikskólasviðs kemur fram að kostnaður borgarinnar við að hafa eitt barn á þriðja ári í leikskóla nemur um 160.000 krónum á ári. Því er ljóst að sú ráðstöfun að afnema heimgreiðslu og fjölga leikskólabörnum þess í stað hefur í för með sér talsverðan kostnaðarauka fyrir borgina. Á móti kemur að leikskólavist barna er talsvert ódýrari kostur fyrir foreldra en vistun hjá dagforeldri.

Oddný Sturludóttir, formaður menntasviðs, segir meirihlutann meðvitaðan um það, en málið snúist um forgangsröðun.

„Við stóðum frammi fyrir þeim kostum að miðað við þennan mikla fjölda barna sem er að komast á leikskólaaldur hefðum við getað haldið úti þjónustutryggingunni, en ákváðum þess í stað að bjóða upp á leikskólapláss og forgangsröðum því í þágu leikskólanna og fjölskyldna sem treysta á þessa þjónustu."


**Á LEIKSKÓLA** Fulltrúar í menntaráði Reykjavíkurborgar deila um afnám þjónustutryggingar. Minnihlutinn segir að afnám muni hafa í för með sér skerta þjónustu, en meirihlutinn segist vera að forgangsraða með það að sjónarmiði að fleiri börn komist inn á leikskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**


**ODDNÝ STURLUDÓTTIR**

Þorbjörg Helga segir að hún trúi því ekki að meirihlutinn muni geta komið öllum börnum í árgangi 2009 inn á leikskóla í ár, þrátt fyrir góðan vilja.

„Auk þess þurfa þá börnin sem missa þjónustutrygginguna að fara til dagmömmu og það er mjög erfitt að fá dagforeldra til starfa."

Þorbjörg segir þetta hafa verið ódýrt úrræði í erfiðri stöðu.

„Að sjálfsögðu þurfum við að byggja upp leikskólakerfið, en þegar kemur svo stór árgangur er ekki hægt að ná utan um málið á einu ári og þá er betra að hafa einhver úrræði frekar en engin."

thorgils@frettabladid.is






# Miðasala Hörpu hefst í dag kl. 12

**Miðasalan fer fram á www.harpa.is, www.midi.is, í síma 528 5050 og í miðasölunni Aðalstræti 2.**
Síminn er opinn kl. 10-18 á virkum dögum.

**Miðasala í Aðalstræti 2, 101 Reykjavík**
Opið frá kl. 12-18 alla virka daga.

Gestum er bent á að kynna sér mismunandi verðsvæði á heimasíðunni www.harpa.is

## MIÐASALA OPNAR


Opnunartónleikar

MIÐASALA HAFIN

### Opnunartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu

Stjórnandi Vladimir Ashkenazy, Eldborg, 4. og 5. maí kl. 20.

Fjölbreytt efniskrá þar sem flutt verður verk Þorkels Sigurbjörnssonar, „Velkomin Harpa“, Sinfónía nr. 9 eftir Beethoven og Píanókonsert eftir Grieg. Einleikari verður Víkingur Heiðar Ólafsson.


Listahátíð

MIÐASALA HAFIN

### Jonas Kaufmann

Á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands og Hörpu, Eldborg, 21. maí kl. 17.

Einn fremsti óperusöngvari samtímans kemur fram á stórglæsilegum tónleikum þar sem hann syngur meðal annars þekktar aríur úr óperunum Carmen, Lohengrin og Cavaleria rusticana. Stjórnandi er Peter Schrottner.


Sinfóníuhljómsveitin

MIÐASALA HAFIN

### Mahler-veisla

Sinfóníuhljómsveit Íslands, Eldborg, 28. maí kl. 17.

Tónleikar helgaðir verkum Gustavs Mahlers þar sem fram kemur Camilla Tilling, ein skærasta söngstjarna Norðurlanda. Flutt verður hin stórbrotna fjórða sinfónía Mahlers. Hljómsveitarstjóri er Markusar Poschner.


Listahátíð

MIÐASALA HEFST 4. MARS

### Ojos de Brujo

Á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík, Silfurbergi, 27. maí kl. 21.

Gleðisveitin Ojos de Brujo er ein vinsælasta hljómsveit Spánar og flytur kraftmikinn tónlistarkokteil úr flamenco, hiphoppi, rúmbu, reggíi og danstónlist. Þau hafa tryllt áhorfendur um allan heim á tónleikaferð sinni um heiminn sem nefnist Corriente Vital.


Ég veit þú kemur!

MIÐASALA HAFIN

### Ég veit þú kemur!

Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson og Sinfóníuhljómsveit Íslands, Eldborg, 1. júní kl. 20.

Tveir af flottustu dægurlagasöngvurum þjóðarinnar taka höndum saman með Sinfóníuhljómsveitinni og flytja vinsælar söngperlur frá 6. og 7. áratugnum. Stjórnandi er Bernharður Wilkinson.


Páll Óskar og Sinfó

MIÐASALA HEFST 4. MARS

### Páll Óskar og Sinfó

Sinfóníuhljómsveit Íslands, Eldborg, 9., 10. og 11. júní kl. 20.

Færustu útsetjarar landsins færa diskóslagara þessa vinsæla söngvara í sinfónískan búning og hér lítur Páll yfir ferilinn eins og honum einum er lagið. Á efnisskrána hefur Páll Óskar valið vinsælustu lög sín gegnum árin. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson.

Auk þessa koma á næstunni í sölu miðar á **Lúðrasveitina Svan, Jamie Cullum** og **Heiðurstónleikar - Bob Dylan í 70 ár.**

**Opnunarhátíð 13. maí, opið hús 14. og 15. maí og barnadagur 15. maí. Dagskráin verður nánar kynnt síðar.**

**Fylgstu með á www.harpa.is**

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 53819 03/11





Háskóli Íslands opnar nýjan Sjóðavef:

# Upplýst um alla styrki

**MENNTAMÁL** Nýr sjóðavefur Háskóla Íslands hefur verið opnaður. Á vefnum, sjodir.hi.is, er að finna upplýsingar um alla sjóði og styrki sem nemendum, kennurum, vísindamönnum og starfsfólki háskólans standa til boða. Einnig er þar að finna upplýsingar um rannsóknir og verkefni sem fengið hafa styrk úr sjóðum Háskóla Íslands.

„Árið 2010 voru veittir um 300 styrkir til einstaklinga innan allra fræðasviða Háskóla Íslands og stofnana hans. Ætla má að um 70 til 80 prósent þeirrar fjárhæðar hafi runnið til stúdenta í framhaldsnámi,“ segir í tilkynningu. - sv



**SJÓÐAVEFUR HÍ** Á vefnum er hægt að skoða upplýsingar um styrkveitingar.



**SJÚKRABÍLLINN FRÚ RAGNHEIÐUR** Fulltrúar Rauða krossins kynntu nýja bílinn í húsakynnum slökkvistöðvarinnar á höfuðborgarsvæðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frú Ragnheiður til þjónustu reiðubúin:

# Aka um og hlúa að fíkniefnaneytendum

**SAMFÉLAGSMÁL** Rauði krossinn í Reykjavík hefur tekið í notkun bifreið til að efla þjónustu við sprautufíkla í höfuðborginni. Markmiðið er að koma í veg fyrir HIV-smit. Búið er að endurinnrétta gamlan sjúkrabíl til þess að hann geti nýst starfseminni. Verkefnið er til eflingar á þjónustu Heilsuhýsisins, sem hefur verið starfandi frá því í október 2009.

Bíllinn hefur hlotið nafnið Frú Ragnheiður, í höfuð eins stofnenda Kvennadeildar Rauða krossins í Reykjavík. Bíllinn gerir sjálfboðaliðum kleift að vera nær sprautufíklunum á fleiri stöðum í borginni en áður og mun þjónustan verða í boði fjórum sinnum í viku í stað tvisvar.

Í hóp sjálfboðaliða bætast nú, auk hjúkrunarfræðinga, sjálfboðaliðar með þjálfun í aðferðum og hugmyndafræði skaðaminnkunar. Einnig hefur verið tekið upp náið samstarf við HIV-Ísland. Verkefnið hefur fengið 5.000 smokka að gjöf frá Gísla Halldórssyni ehf. til dreifingar á árinu 2011. Kostnaður við rekstur verkefnisins er á ábyrgð Rauða krossins í Reykjavík.

Alls höfðu 69 einstaklingar sótt aðstoð í Heilsuhýsið frá opnun þess í október 2009 og til síðustu áramóta. Flestar heimsóknanna, um 130 af 190, voru vegna nála- og sprautuskipta til 24 einstaklinga.

Markmið verkefnisins var að draga úr skaðsemi lifnaðarhátta jaðarhópa með því að auðvelda þeim aðgengi að aðhlynningu sára, hreinum nálum og sprautum og almennri fræðslu.

HIV-smituðum hefur fjölgað verulega hér á landi á síðustu árum. Milli áranna 1983 til 2010 hafa alls 42 fíkniefnaneytendur smitast, þar af helmingur þeirra frá árinu 2007, samkvæmt upplýsingum frá Landlækni. Þá sé aðgengi að hreinum sprautum og nálum mikilvægt til þess að draga úr smithættu hjá þessum hópi fólks.

Um 200 sprautufíklar leituðu sér meðferðar til SÁÁ árið 2009. Tölur frá samtökunum benda til þess að fleiri hafi farið í meðferð árið 2010. - sv


ÚTSALAN ER HAFIN

60 % Allt að afsláttur

Úlpur, allt að 50% afsláttur
Krakkaúlpur, allt að 50% afsláttur
og fleira og fleira...

Ekki missa af þessu
Takmarkað magn!

Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

Matjurtir og krydd




Auður I. Ottesen Jón Guðmundsson

**Matjurtarræktun**
Námskeið tvö þriðjudagskvöld
1. og 8. mars kl. 19:00 - 21:30.
Næsta námskeið 17. og 24. mars.

**Kryddjurtaræktun**
Námskeið þriðjudag 8. mars
kl. 17:00 - 18:30.

Námskeiðin eru haldin í Grasagarði Reykjavíkur.

**Leiðbeinendur**
Auður I. Ottesen og Jón Guðmundsson
garðyrkjufræðingar.



**Skráning og upplýsingar**
í síma 578 4800
og á www.rit.is
Sumarhúsið og garðurinn

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir.is

# ÍSLENSK TÓNLIST

## á tilboði í Skífunni




**Landsins mesta úrval af íslenskri tónlist!**

KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

S·K·Í·F·A·N

*Tilboðin gilda til föstudagsins 4. mars

**Gestahús 20 m²**
Breidd = 425 cm
Lengd = 464 cm + verönd (8.3 m²)
Vegghæð = 240 cm (brúttó)
Bjálkaþykkt = 70 mm
600227



TILBOÐ
**1.400.000,-**
~~1.550.000,-~~

SPARAÐU 150.000

EIN MEST SELDU GESTAHÚSIN Á ÍSLANDI
HENTAR VEL FYRIR EINSTAKLINGA OG FERÐAÞJÓNUSTUAÐILA

**Garðhús 7,2 m²**
Breidd = 250 cm
Lengd = 290 cm
Vegghæð = 210 cm
Bjálkaþykkt = 45 mm
600236



SPARAÐU 40.000
TILBOÐ
**319.000,-**
~~359.000,-~~

**Garðhús 4,4 m²**
Breidd = 167 cm
Lengd = 267 cm
Vegghæð = 170 cm
Bjálkaþykkt = 32 mm
600239



SPARAÐU 15.000
TILBOÐ
**154.000,-**
~~169.000,-~~

# BRJÁLAÐ TILBOÐ
## GESTAHÚS, GARÐHÚS OG PANILL
TAKMARKAÐ MAGN



**1.490kr/m²**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Furupanill**
Sléttur, 12 x 87 mm
55500



TILBOÐ
**1.690kr/m²**
~~2.135kr/m²~~

**Grenipanill**
Sléttur, 12 x87 mm
55600



Hvíttaður
TILBOÐ
**2.690kr/m²**
~~3.527kr/m²~~

**Grenipanill**
Hvíttaður, 12 x110 mm
Endanótaður.
57600

## Loftaþiljur



LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Hvítur Askur**
8x190x2600 mm.
142450
**1.990kr/m²**

**Hlynur**
8x190x2600 mm.
142451
**1.990kr/m²**

**Beyki**
8x190x2600 mm.
142452
**1.990kr/m²**

**Hvítt háglans**
10x190x2600 mm.
142513
**2.690kr/m²**

**Útihurð**
Panill 89x209 cm.
99x209 cm
89940-43



FRÁBÆRT VERÐ!
**59.900,-**

SWEDOOR JELD WEN

**Hvít hurð slétt/ Hurðarfleki**
60, 70, 80, 90 cm.
Karmsett 8.500 kr.
Gereftasett 4.700 kr.
93332



**16.490,-**

Verð gilda til 14. mars

***Vörur merktar “Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar” er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að “Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar” sé alltaf lægsta verð á markaðnum.**

**Afsláttur og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.




# PALLAEFNI

| | |
|---|---|
| Lerki rásað 28x115 | 699 kr/m |
| Fura fúavarin 21x95 | 249 kr/m |
| Fura fúavarin 28x95 | 319 kr/m |
| Fura fúavarin 45x95 | 449 kr/m |
| Fura fúavarin 45x145 | 629 kr/m |
| Fura fúavarin 95x95 | 919 kr/m |





# TIMBURMIÐSTÖÐIN
## GRAFARHOLTI

Í Timburmiðstöð Húsasmiðjunnar, Grafarholti, er ein glæsilegasta timbursala landsins og öll þjónusta sem við höfum uppá að bjóða auk Blómavals undir einu þaki.

Þar færðu ráðgjöf hjá sérfræðingum með áratuga reynslu, sem annast tilboðsgerð, ráðgjöf og sölu á timbri, byggingalausnum, sólpallasmíði, og flestu öðru sem kemur að húsbyggingum og viðhaldi. Í glæsilegum sýningarsal Timburmiðstöðvarinnar má svo sjá úrval lausna sem hjálpa til við valið á vörum sem henta þér.

**SÉRVINNUM ALLT EFNI EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**



**20% afsláttur**

## LÍMTRÉ

| | |
|---|---|
| Fura 60x250:18<br>139055 | 7.690 kr/m²<br>~~9.733 kr/m²~~ |
| Fura 80x417:18<br>139089 | 7.790 kr/m²<br>~~9.738 kr/m²~~ |
| Eik 61x400:26<br>136715 | 9.990 kr/m<br>~~12.490 kr/m~~ |



**2.190 kr/m²**

**Vatnsklæðning**
15x85 mm.
50500



**3.190 kr/m²**

**Vatnsklæðning**
21x110 mm
50400

**Látum verkin tala!**

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA

**HÚSASMIÐJAN**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Það er ódýrt að samfagna lýðræðisöflum en getur kostað sitt að festa þau í sessi.

## Bylting – hvað svo?

Sögulegir atburðir gerast nú í ríkjum araba í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum. Almenningur hefur risið upp gegn áratugalangri kúgun spilltra einræðisherra. Uppreisnirnar í Egyptalandi og Túnis hafa þegar borið áþreifanlegan árangur. Í ýmsum öðrum ríkjum hafa stjórnvöld gripið til harkalegra aðgerða gegn mótmælendum og tvísýnt er um úrslitin.

Athygli umheimsins beinist nú að Líbíu, þar sem einræðisherrann Gaddafí hefur brugðizt við uppreisn almennings af mikilli grimmd. Flest bendir til að Gaddafí sé kominn að fótum fram. Enn getur hann þó átt eftir að fremja mikil grimmdarverk áður en hann verður yfirbugaður.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Viðbrögð Sameinuðu þjóðanna við ástandinu í Líbíu eru einnig söguleg. Samtökin hafa brugðizt hraðar og með ákveðnari hætti við glæpaverkunum en oftast áður í svipuðum tilvikum. Vonandi ber það vott um að menn hafi lært sína lexíu af fálmkenndum viðbrögðum við t.d. þjóðarmorðunum á Balkanskaga og í Rúanda á sínum tíma.

Að þessu sinni hefur verið einhugur í Öryggisráði SÞ um að setja Gaddafí stólinn fyrir dyrnar, einangra hann efnahagslega og pólitískt og hóta að draga hann fyrir Alþjóðaglæpadómstólinn – jafnvel þótt þrjú af ríkjunum sem eiga fast sæti í ráðinu, Bandaríkin, Rússland og Kína, hafi ekki fullgilt samninginn um dómstólinn. Þær raddir sem áður heyrðust oft, að alþjóðasamfélagið ætti ekki að blanda sér í innanríkismál jafnvel þótt verið væri að murka lífið úr fólki, hafa að þessu sinni ekki verið áberandi. Það bendir vonandi til þess að sjónarmiðum um skyldu alþjóðasamfélagsins til að koma til varnar saklausum borgurum hafi vaxið fiskur um hrygg.

Meira getur þó þurft að koma til eigi þvinganir Öryggisráðsins að hafa einhver áhrif. SÞ getur neyðst til að grípa til hernaðaraðgerða, til dæmis með því að framfylgja flugbanni yfir Líbíu til að koma í veg fyrir árásir Gaddafís á íbúa landsins úr lofti. Reynslan kennir okkur að hik alþjóðasamfélagsins við að beita geggjaða einræðisherra valdi kostar aðeins líf enn fleira saklauss fólks.

Það er ekki að ósekju sem byltingarnar í arabaríkjunum eru bornar saman við lýðræðisölduna, sem fór um Austur-Evrópu árið 1989. Við samfögnum almenningi í þessum ríkjum, sem á nú von um frelsi og lýðræði eins og íbúar kommúnistaríkjanna áttu þá. En við skulum heldur ekki gleyma hvað kom í kjölfarið. Hin ungu lýðræðisríki þurftu mikla aðstoð, bæði við að endurreisa efnahagslíf sitt og við að byggja upp lýðræðislegar stofnanir og réttarríki. Þar áttu þau þó sum gamla hefð, sem ekki er til í mörgum þeim ríkjum, sem nú taka sín fyrstu skref í átt til lýðræðis.

Velmegandi ríki Vesturlanda, Ísland þar á meðal, þurfa að vera reiðubúin að leggja sitt af mörkum til að styðja við lýðræðis- og efnahagsþróun í arabalöndunum. Annars er hætta á að einræðis- og öfgaöfl nýti sér þá ringulreið, sem oft fylgir upphafi lýðræðisþróunar. Það eru ríkir hagsmunir okkar að lýðræði, velmegun og stöðugleiki ríki í þessum heimshluta.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871




Eyðir kláða og skán í hársverði

Fæst í flestum apótekum

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nýja landskjörstjórnin

Alþingi kaus í gær nýja landskjörstjórn. Þrennt vekur athygli við niðurstöðu þeirrar kosningar. Í fyrsta lagi – svona í ljósi forsögunnar – að Ástráður Haraldsson hafi verið kjörinn. Það var jú vegna afsagnar hans og hinna fjögurra sem kjósa þurfti nýja kjörstjórn. Í öðru lagi vekur athygli að þrír fyrrverandi bæjarfulltrúar á Akureyri hafi verið kjörnir. Og í þriðja lagi vekur athygli að aðeins ein kona hafi verið kjörin. Það hlýtur að ganga gegn markmiðum stjórnvalda um kynjajafnrétti og jafnvel lögum.



### Ástráður og nýtt Ísland

Einar Steingrímsson stærðfræðingur bloggar reglulega um þjóðmálin og sérstaklega mál nímenninganna. Hann harmar að Ástráður hafi verið kjörinn. Finnur því allt til foráttu. Mögnuð eru eftirfarandi orð hans: „Þegar Ástráður sagði af sér var ekki laust við að maður þættist sjá bjarma af nýjum degi og færi að vona að hér myndi á endanum rísa nýtt Ísland úr öskunni.“ Ekkert minna.



### Lestu maður

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur svarað fyrirspurn framsóknarþingmannsins Sigurðar Inga Jóhannssonar um stefnu ráðherrans í kræklingarækt. Svarið er útdráttur úr greinargerð frumvarps um kræklingarækt sem ráðherrann lagði fram 11. nóvember. Frá þeim degi hefur stefna ráðherrans í málaflokknum verið ljós og þingmanninum, eins og öðrum, aðgengileg á vef þingsins.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Endurtekin ósannindi frá Alþingi

Nímenningamálið

Einar Steingrímsson

stærðfræðingur



Starfsmannastjóri Alþingis skrifar grein í Fréttablaðið í gær, þar sem hann endurtekur þau ósannindi sem forseti þingsins hefur haft í frammi um Nímenningamálið svokallaða.

Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, brást þannig við umfjöllun um málið í fjölmiðlum að senda einum þeirra sem voguðu sér að tala um það tölvupóst, þar sem hún segir m.a. „8. desember 2008 ræðst hópur fólks inn í Alþingishúsið bakdyramegin, beitir þingverði ofbeldi til að komast upp á þingpalla, – yfirbugar þá og slasar starfsfólk þingsins.“ Í dómi Héraðsdóms 16. febrúar kom glöggt fram að þessar staðhæfingar Ástu voru rangar.

Í umræddum tölvupósti sagði Ásta einnig „Atburðir þessir koma greinilega fram á upptöku í öryggismyndavél.“ Í ljós kom í réttarhöldunum að starfsmenn þingsins eyddu mestöllum upptökum frá umræddum degi, nema því sem þeim fannst henta að sýna, af því þeir höfðu „fyrst og fremst verið með áhuga á þessum hluta atburðarins“ eins og skrifstofustjóri þingsins komst að orði í réttinum.

Samt kom fram í upptökunum að Ásta fór með rangt mál. Þar sem hún vísar í þessar upptökur er erfitt að komast að annarri niðurstöðu en að hún hafi sagt vísvitandi ósatt, þ.e.a.s. að hún hafi logið þessum röngu sökum upp á saklaust fólk.

Starfsmannastjóra Alþingis á auðvitað að vera heimilt að tjá sig í fjölmiðlum. Fari hann hins vegar með ósannindi varðandi mál sem varðar þingið ber forseta þingsins siðferðileg skylda til að leiðrétta það. Þegar starfsmannastjórinn kynnir sig sem slíkan, og endurtekur staðhæfingar sem dómstóll hefur lýst ósannar, ber yfirmanni hans, forseta þingsins, auðvitað bein skylda til að taka í taumana.

Þjóðþing í flestum þeim ríkjum sem við viljum bera okkur saman við væri löngu búið að víkja þingforseta sem uppvís hefði orðið að lygum, ekki síst í svo alvarlegu máli, þar sem forsetinn ber saklaust fólk röngum sökum, og neitar að taka til baka staðhæfingar sínar, hvað þá að biðjast afsökunar.

Það er tími til kominn fyrir Alþingi að láta Ástu taka pokann sinn. Einnig ætti að víkja skrifstofustjóra þingsins úr starfi, þar sem hann átti upptökin að glórulausri ákæru um valdaránstilraun, auk þess að ljúga sjálfur um þátt sinn í málinu, eins og fram hefur komið í tölvupóstum. Alþingi þarf forystu sem segir satt, og ofsækir ekki saklaust fólk með röngum sakargiftum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hótanir hér og þar

Í DAG

Jónína Michaelsdóttir
Blaðamaður



Frá því ég man eftir mér, hef ég litið á hótanir annarra sem vanmátt og öryggisleysi þess sem hótar, hvort sem það var á skólalóðinni, heima eða á vinnustað. Kannski vegna þess að sjálf er ég svo heppin, að ég hef ég aldrei verið mannhrædd. Ég var ekki oft skömmuð og aldrei nema það væri verðskuldað. Ef skammirnar voru háværar, þá beið maður rólegur eftir að þeim lyki svo maður gæti haldið áfram að leika sér, og skildi ekki af hverju fullorðið fólk gat ekki fundið að við mann án þess að komast í uppnám. Ég átti hins vegar vini af báðum kynjum sem voru hræddir við reiði foreldra sinna, sem höfðu hótað refsingum ef þau leyfðu sér þetta eða hitt, og líka við hrekkjusvínin á skólalóðinni. Beygðu jafnvel hegðun sína að dyntum þessara krakka til að komast ekki í ónáð eða fá að vera í friði. Fólk sem hefur enga stjórn á skapi sínu þegar út af ber, ekki síst ef um foreldra er að ræða, getur brotið niður þá sem viðkvæmir eru, þó að það sjáist kannski ekki utan á þeim. Svo eru hinir sem er alveg sama, en missa virðingu fyrir foreldrunum, og það er ekki gott. Hvorki fyrir börnin né foreldrana.

**Myrkfælnir eða mannhræddir?**

Ég man eftir lítilli stúlku sem öllum líkaði vel við. Hún var og er skemmtileg, sjálfsörugg, mannblendin og hörkudugleg. En hún missti bæði lit og ljóma ef upp kom hávært rifrildi og hótanir eða ef ruddalegu orðfæri var beint að henni. Við lá að maður sæi hraðan hjartsláttinn í gegnum fötin hennar. Sjálfsöruggt fólk getur verið ofurviðkvæmt, þó að það beri það ekki með sér. Sumir eru myrkfælnir, aðrir geta verið an sprottnar úr áhættusækni sem hefur farið úr böndum.

**Ísbjörg og Evrópa**

Á síðustu misserum hefur mörgum þótt glitta í hótunarafleggjara hér og þar í opinberri umræðu. Til dæmis þegar fólk neitaði að samþykkja Svavarssamninginn um Ísbjörgina. Við yrðum Kúba norðursins og margt verra. Þegar forsetinn landsins neitaði að samþykkja samninginn í annað sinn í óþökk forsætisráðherra, talaði

> Á síðustu misserum hefur mörgum þótt glitta í hótunarafleggjara hér og þar í opinberri umræðu.

mannhræddir, í þeim skilningi, að þeir höndla ekki ágengni, hótanir og ruddaskap, og eiga erfitt með að standa með sjálfum sér í slíkum aðstæðum. Kjósa fremur að beygja sig hjá. Mikilvægt er að foreldrar og vinir slíkra barna standi vörð um tilfinningalíf þeirra á uppvaxtarárunum. Framhaldið getur ráðist af því.

Hótanir, eins og: „Þú skalt eiga mig á fæti ef þú gegnir ekki og ef þú kemur ekki heim á réttum tíma skaltu hafa verra af,“ hafa lengi verið algengar, en hvorug er yfirleitt tilefni til kvíðakasts. Þetta eru auðvitað hversdagslegu hótanirnar.

Alvarlegri og hættulegri hótanir eru víða í samfélaginu í dag. Sumar ógna lífi og heilsu þeirra sem þær beinast að, og eru gjarnráðherrann um að láta kjósa um stjórnlagaþing um leið og Icesave-samninginn, og minnti á að þar kæmi forsetaembættið inn í, ef mig misminnir ekki.

Umræðan um aðild Íslands að Evrópusambandinu er býsna dreifð. Aðildin er hjartans mál forsætisráðherrans, en martröð fjármálaráðherrans. Virkir hópar, bæði pólitískir og þverpólitískir eru að kynna kosti og lesti aðildar. Og í báðum tilvikum er bent á hvað gæti komið fyrir ef af aðild yrði, ýmist jákvætt eða neikvætt. Einhvern veginn þætti manni eðlilegra að hóparnir væru að ræða saman, þó að þeir rói ekki í sömu átt. Enda á þjóðin síðasta orðið í þessu máli. Að minnsta kosti treystir maður á að svo verði.

# Kynleg fjárlagagerð

Velferðarkerfið

Þorveig Þormóðsdóttir
formaður jafnréttisnefndar BSRB



Í samstarfsyfirlýsingu sinni 2009 lagði ríkisstjórn Íslands mikla áherslu á jafnrétti kynjanna. Meðal þess sem átti að hafa áhrif á útgjaldaramma fjárlaga var verndun starfa og kynjajafnrétti. Einnig átti að hafa kynjaða hagstjórn að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórnun.

Fjárlögin frá efnahagshruni hafa verið fjárlög niðurskurðar. Snemma varð ljóst að sú atvinnustefna sem boðuð var myndi koma harðar niður á konum en körlum. Í júní 2009 sendi jafnréttisnefnd BSRB frá sér ályktun þar sem nefndin hafnaði atvinnustefnu á kostnað kvenna. Ályktunin fól í sér varnaðarorð og tilmæli til ríkisstjórnarinnar og samningsaðila á vinnumarkaði um að standa vörð um velferðarkerfið.

Ástæðan fyrir ályktuninni var sú að starfsfólk innan velferðarkerfisins er í yfirgnæfandi meirihluta konur og samdráttur þar bitnar því harkalega á kvennastéttum. Í ályktuninni segir enn fremur að mikilvægt sé að stjórnvöld grípi til atvinnuskapandi aðgerða. Atburðarásin mætti hins vegar ekki verða sú að kvennastéttum sé ýtt út af vinnumarkaði við fjármögnun verkefna til að skapa ný störf fyrir karla. Sú hefur því miður orðið raunin.

Svar velferðarráðherra við fyrirspurn á Alþingi í síðastliðinni viku um fækkun starfa á heilbrigðisstofnunum sýnir að þörf er á frekari áminningu um þetta efni. Því miður er raunin sú að þegar höggvið er að rótum velferðarkerfisins bitnar það á störfum kvenna. Í svari ráðherra kom fram að 92 konur muni missa störf sín alfarið vegna niðurskurðar í fjárlögum 2011 og 15 karlar. Þá muni 75,6 stöðugildi kvenna sæta skerðingu á starfshlutfalli á móti 11,1 stöðugildi karla.

> Þegar höggvið er að rótum velferðarkerfisins bitnar það á störfum kvenna

Niðurskurður í velferðarkerfinu gengur því þvert gegn yfirlýstri stefnu ríkisstjórnarinnar um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Uppsagnir af þessu tagi koma verst niður á láglaunuðum kvennastéttum og verður að efast um heildarsparnað fyrir ríkissjóð, enda ljóst að þessar konur fara úr atvinnu hjá ríkinu yfir í að fá atvinnuleysisbætur frá Atvinnuleysistryggingarsjóði.

Velferðarkerfið naut ekki góðs af góðærinu, það bólgnaði ekki út. Það er því ljóst að þar er ekki af miklu að taka til niðurskurðar. Þörfin fyrir gott velferðarkerfi hefur heldur aldrei verið meiri. Það er gríðarlega mikilvægt að fólk njóti velferðarkerfisins óháð efnahag og aðstæðum, ekki síst í því ástandi sem nú ríkir. Að grípa til uppsagna þar, með tilheyrandi lokunum, gengur því þvert á markmið ríkisstjórnar um samþættingu jafnréttissjónarmiða við almenna fjárlagagerð. Þar er frekar kynleg hagstjórn og fjárlagagerð á ferð.


*Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:*

**Tölvunám sem gefur þér forskot**



**Almennt tölvunám**
Morgunnám
Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Outlook PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýtast heima og í vinnu.
Verð: 74.900 Stundir/einingar: 90/4



**Tölvunám fyrir 50+**
Dagnám
Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun.
Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3



**Vefsíðugerð - grunnur**
Dagnám
Bókaðu þig núna á skemmtilegt nám um vefsíðugerð og lærðu grunnatriði vefsíðugerðar með DreamWeaver og Photoshop. Námið er tveir áfangar og er hægt að taka hvorn áfanga sér og bæta við sig öðrum áföngum (Flash) til að dýpka þekkinguna á vefsíðugerð.
Verð: 54.900 Stundir/einingar: 54/2



**Hagnýtt bókhaldsnám**
Morgunnám
Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.
Verð: 109.900 Stundir/einingar: 94/4



**Stafræn ljósmyndun**
Dag- eða kvöldnám
Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa á geisladisk til eignar eða gjafa og senda með tölvupósti, allt með Picasa.
Verð: 17.900 Stundir: 13

**Úrval námskeiða frá kr. 6.900**
- Access i og ii • Excel i, ii og iii
- Almenn verkefnastjórnun
- ASP .NET forritun • Silverlight
- DreamWeaver • Fingrasetning
- Flash i og ii • Gagnagrunnsfræði
- Hugarkort • Internetið
- Outlook tímastjórnun
- Outlook • Photoshop Elements • Picasa
- Project • PRINCE2 • Pivottöflur Excel
- PowerPoint i og ii • Photoshop i og ii
- Stafræn ljósmyndun
- Stafræn myndbandagerð • Windows 7
- Word i og ii • Dreifibréf og markpóstur
- Vinnsla langra skjala



**Excel IIa framhaldsnám**
Morgunnám
Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja læra meira og kafa dýpra í Excel. Meðal þess sem tekið er fyrir eru flóknari reikniföll, veltitöflur, myndrit, gagnagrunnstengingar, listavinnsla, síun og röðun, Solver, Goal Seek, einfaldir fjölvar og smíði einfaldra falla með VBA.
Verð: 32.900 Stundir/einingar: 18/1




**Photoshop nám**
Dagnám
Bókaðu þig núna á kraftmikið og skemmtilegt nám um Photoshop sem hentar jafnt áhugamönnum og þeim sem starfa, eða vilja starfa, við grafíska hönnun, vefhönnun eða ljósmyndun. Boðið er upp á framhaldsnámskeið um Photoshop.
Verð: 34.900 Stundir/einingar: 27/1



**Hagnýtt bókhaldsnám II**
Morgunnám
Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar endurskoðanda.
Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3



**Joomla vefsíðugerð**
Kvöldnám eða dagnám
Lærðu að búa til vefi með einu þekktasta vefumsjónarkerfi veraldar og sláðu í gegn. Enginn hugbúnaður sem þarf að kaupa og hægt að byrja á vefnum strax. Joomla er einfalt og öflugt og margar af þekktustu síðunum eru gerðar með Joomla.
Verð: 24.900 Stundir: 18

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Vinnumálastofnun styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- Mjög hagstæð lán og greiðsluskilmálar.

**Einka- og hópkennsla**
Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar.
Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

*Þetta er aðeins brot af þeim vönduðu námskeiðum sem eru í boði hjá TV, sem hefur verið í fremstu röð frá 1986.*
*Skoðaðu nánar á www.tv.is*

Í dag, 1. mars 2011, eru 25 ár síðan Tölvu- og verkfræðiþjónustan var stofnuð.

Viðurkenndur tölvu- og viðskiptaskóli á framhaldsskólastigi. Ráðgjafastofa
Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | Fax: 520 9009 | tv@tv.is

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

# tímamót

timamot@frettabladid.is



42 **JAVIER BARDEM** Spænski leikarinn Javier Bardem er 42 ára
*„Ég trúi ekki á guð. Ég trúi á Al Pacino. Það er heilagur sannleikur.“*

## AFMÆLI



**SALMANN TAMIMI** formaður Félags múslima á Íslandi er 56 ára.



**ÁRNI JOHNSEN** alþingismaður er 67 ára.

## MERKISATBURÐIR

**1905** Talsímaskrá Reykjavíkur, fyrsta símaskráin, gefin út með nöfnum 99 símnotenda.

**1940** Vélbáturinn Kristján kemur að landi eftir tólf daga hrakninga í hafi.

**1964** Davíð Stefánsson, skáld frá Fagraskógi, deyr, 69 ára.

**1970** Ísland gerist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA.

**1988** Skylt verður að aka með ljósum allan sólarhringinn.

**1989** Bjórdagurinn. Framleiðsla og sala á áfengu öli er leyfð eftir 74 ára hlé.

**1991** Göng gegnum Ólafsfjarðarmúla formlega opnuð, þá lengstu jarðgöng landsins, 3.400 metrar.



**SEXTÍU ÁRA Í DAG** Kristinn Sigmundsson óperusöngvari ætlar að taka lífinu með ró eftir óperuæfingu á sextugasta afmælisdegi sínum í Berlín. MYND/KRISTINN INGVARSSON

KRISTINN SIGMUNDSSON ÓPERUSÖNGVARI: MÆLIR 60 ÁR AF ÆVI SINNI Í DAG

# Hugsar fallega til vina sinna á Íslandi á afmælisdaginn

„Ég tek því með jafnaðargeði að verða sextugur og finn svo sem engan mun, en þetta er áminning um að maður eldist með hverjum deginum sem líður og ég er þakklátur yfir að verða sextugur. Það er betra en að verða það ekki,“ segir óperusöngvarinn Kristinn Sigmundsson sem stendur á sextugu í dag.

„Ég er lítið fyrir umstang á afmælisdaginn og læt mér nægja að mæta á æfingu í óperunni í dag,“ segir Kristinn sem nú æfir hlutverk konungs í óperunni Tristan og Ísold eftir Richard Wagner við Berlínaróperuna.

„Ég bauð þó vinum til veislu þegar ég varð fimmtugur og mættu hátt í 300 manns. Þá gladdi mig að uppgötva hversu ríkur ég er af góðum vinum, þótt ég rækti vinasambönd ekki neitt, utan þess að hugsa fallega til vina minna heima, eins og ég geri í dag,“ segir Kristinn. Hann er fæddur og uppalinn í Reykjavík og lærði líffræði áður en hann gerðist atvinnusöngvari.

„Söngurinn var hægfara þróun en aldrei meðvituð ákvörðun. Ég hlustaði þó alltaf mikið á tónlist og þurfti á henni að halda, en fór ekki að syngja fyrr en í Hamrahlíðarkórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur,“ segir Kristinn en bætir við að stundum upplifi hann blendnar tilfinningar yfir að hafa ekki haldið áfram í líffræðinni.

„Ég er þó ánægður með að hafa lokið prófum við Háskólann því ef ég verð einhvern tímann raddlaus get ég hallað mér að vistfræði eins og hugurinn stefndi til á sínum tíma,“ segir Kristinn sem starfað hefur sem söngvari við virtustu óperuhús veraldar síðastliðin 22 ár.

„Með því að vera í atvinnumennsku ytra fórnar maður náttúrulega sambandi við vini og kunningja, og því að vera heima hjá sér. Kostirnir eru svo þeir að maður heimsækir marga staði sem maður annars gerði ekki og nýtur þeirra forréttinda að vinna við það sem maður hefur gaman af,“ segir Kristinn sem hefur sín ráð við heimþrá.

„Ég lækna mig af heimþránni með því að vera sem mest heima á Íslandi yfir sumarmánuðina og taka svo restinni af árinu eins og hverri annarri vertíð,“ segir Kristinn sem lengst af hefur starfað í Þýskalandi, Frakklandi og Bandaríkjunum, þar sem hann kann einna best við sig.

„Fyrstu fjögur árin bjuggum við í Wiesbaden en fluttum þá aftur heim. Síðan hef ég verið í lausamennsku og fjölskyldan komið til mín saman eða í hver í sínu lagi, en konan mín kemur í hvert skipti og er alltaf með mér einhvern hluta tímans úti. Hún hefur séð nær allar mínar uppfærslur, er minn harðasti gagnrýnandi og hefur meira vit á þessu en margir, þótt sjálf sé hún ekki í söng. Ég treysti því þegar hún segir mér til syndanna því við þekkjumst svo vel og reyni að vinna úr því eftir bestu getu,“ segir Kristinn sem kynntist eiginkonu sinni, Ásgerði Þórisdóttur hjúkrunarfræðingi, á dansleik þegar þau voru um tvítugt, en saman eiga þau tvo syni. Til gamans má nefna að sá yngri er nú við nám í Söngskólanum, með mjög líka rödd og faðir hans.

Kristinn segist fljótt hafa orðið viss um að Ásgerður væri sú eina rétta. „Fjörutíu ár í hjónabandi eru fljót að líða og ganga vel ef maður virðir maka sinn og sýnir honum tillitsemi, um leið og maður heldur eigin sjálfstæði. Við höfum alla tíð verið miklir vinir, einhuga og samstíga,“ segir Kristinn sem á sextugasta afmælisdegi sínum óskar sér einskis annars en áframhaldandi góðrar heilsu og að fá ekki kvef fyrir frumsýninguna í Berlín 13. mars.

thordis@frettabladid.is




†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Ingvi Sigurðsson**

hæstaréttarlögmaður,

sem lést 21. febrúar sl., verður jarðsunginn frá Háteigskirkju fimmtudaginn 3. mars. nk. kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Sigurður Guðmundsson / Sigríður Snæbjörnsdóttir
Þórður Ingvi Guðmundsson / Guðrún Salome Jónsdóttir
Þórunn Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Þórbjörg Beck Þorvarðsson**

frá Sómastöðum í Reyðarfirði, síðast til heimilis að Skúlagötu 20, Reykjavík,

sem lést 22. febrúar síðastliðinn á Hjúkrunarheimilinu Skjóli, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 4. mars klukkan 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Þorvarður Brynjólfsson / Dóra Skúladóttir
Þór Aðalsteinsson
Ásthildur Brynjólfsdóttir / Þórir Pálsson Roff
Ríkharð Brynjólfsson / Sesselja Bjarnadóttir
Eiríkur Brynjólfsson
Stefán Brynjólfsson / Sigrún Magnúsdóttir
Þórólfur Tómasson / Bryndís Kristjánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Davíð Þjóðleifsson,**

Sundlaugavegi 35, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landakots 23. febrúar, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju föstudaginn 4. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Guðbjörg Elín Ásgeirsdóttir
Anna Sólveig Davíðsdóttir
Jón Davíð Davíðsson
Bjarki Steinar Daðason



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Bárðardóttir,**

Álftamýri 58, Reykjavík,

sem lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 22. febrúar, verður jarðsungin fimmtudaginn 3. mars frá Grafarvogskirkju kl. 13.00.

Þráinn Agnarsson
Guðlaug Bára Þráinsdóttir
Óskar Þór Þráinsson / Anna Guðmundsdóttir
Guðrún Árný Árnadóttir / Jens Jóhannsson
Guðrún Óskarsdóttir / Agnar Örn Arason
Katrín Óskarsdóttir / Kristján Ingi Úlfsson
Þráinn Óskarsson / Inga Hrönn Häsler
og langömmubörn.



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, og langafi,*

**Guðmundur Gottskálksson**

frá Hvoli í Ölfusi,

síðast Hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þann 23. febrúar. Útför hans fer fram frá Kotstrandarkirkju laugardaginn 5. mars kl. 14.00.

Magnús Guðmundsson / Sigrún Guðmundsdóttir
Lilja Guðmundsdóttir / Eggert Guðmundsson
Gróa Guðmundsdóttir
Gottskálk Guðmundsson / Sigurlaug Gréta Magnúsdóttir
Jóna Guðbjörg Torfadóttir / Sverrir Hafsteinsson
barnabörn og barnabarnabörn.



**Lífsstílsmeistarinn** fer fram í Íþróttahúsinu í Reykjanesbæ laugardaginn 12. mars. Það er fyrsta mót ársins í EAS-þrekmótaröðinni sem er mótaröð fjögurra móta. Skráning er hafin en nánari upplýsingar eru á www.threkmot.is



**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447













**Árni „úr járni" Ísaksson sigraði tröllvaxinn mótherja í MMA-keppni sem haldin var í London um helgina.**


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tæknin sigraði vöðvana

**Mér hálf brá þegar ég sá mótherja minn, Kevin Reed, inni í hringnum. Hann var enn stærri og vöðvameiri en ég átti von á," segir Árni „úr járni" Ísaksson sem sigraði í MMA-bardaga í London á laugardaginn.**

FRAMHALD | 3





**Sjúkrahótel Landspítala** flyst í dag í Ármúla 9 (Park Inn Hótel) en það var áður á Rauðarárstíg 18 (Fosshótel). www.lsh.isw


HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Fræðslukvöld

Þriðjudaginn 1. mars kl 17:00



Komdu og kynntu þér nýju ReSound heyrnartækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er.

Stutt kynning verður haldinn á nýju Alera tækjunum.

Léttar veitingar.

Fáðu faglega ráðgjöf og heyrnartæki til reynslu.



Ellisif K. Björnsdóttir
heyrnarfræðingur

- Heyrnarþjónusta
- Heyrnarvernd
- Heyrnarmælingar
- Heyrnartæki
- Ráðgjöf

ReSound
"Tækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er"
SURROUND SOUND by ReSound

Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is

Tímapantanir 534 9600


# Þú ert það sem þú meltir

**Margt af því sem sérfræðingar halda fram um mataræði og næringu stenst illa nánari skoðun. Þetta er mat breska næringarráðgjafans Kyle Vialli sem fjallaði nýverið um málið á heilsuráðstefnu á Hótel Sögu.**

Breski næringarráðgjafinn Kyle Vialli hefur kynnt sér til hlítar ýmsar kenningar um mataræði og næringu sem hafa verið settar fram á undanförnum áratugum. Í fyrirlestri á heilsuráðstefnu á Hótel Sögu nýlega, greindi Kyle frá niðurstöðum sínum, sem benda til þess að sumt af því sem er haldið fram hafi lítil eða beinlínis slæm áhrif á líkamsstarfsemina.

„Alls konar sérfræðingar telja okkur reglulega trú um hvað okkur sé fyrir bestu, hvað eigi að borða og hverju sé best að sleppa. Setja þetta fram eins og einhvern sannleika og reyna að heimfæra hann upp á sem flesta. Staðreyndin er aftur sú að þetta er svo mikið af upplýsingum, sem stangast þar að auki oft á, að fólk veit varla lengur hverju það á að trúa,“ bendir Kyle á og bætir við að ekki sé til nein töfralausn sem henti öllum. „Til þess erum við of ólík innbyrðis.“

Sjálfur telur hann gott meltingarkerfi eina af undirstöðum heilbrigðari lífsstíls. „Eitt af því sem skiptir máli er að fá helstu grunnefnin í kroppinn svo hann virki sem skyldi. Vatn er til dæmis mjög mikilvægt en margir drekka of lítið af því og eru því haldnir vægum ofþurrki, sem getur til dæmis hægt á brennslukerfinu og valdið þreytu. Úr því má hæglega bæta með því að drekka daglega tvo lítra af hreinu vatni, eins og þið Íslendingar eigið nóg af.“



Gott meltingarkerfi er ein af undirstöðum heilbrigðs lífsstíl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá segir Kyle mikilvægt að tyggja vel fæðuna. „Margir borða töluverða óhollustu á lífsleiðinni, svo sem unna matvöru, sem verður til þess að meltingarkerfið veikist smám saman og nær ekki að vinna öll nauðsynleg næringarefni úr fæðunni. Með því að tyggja hverja munnfylli 30 til 100 sinnum, auka hollustuna og dítoxa, endurvekjum við fyrri þrótt meltingarkerfisins.“

Loks segir hann áríðandi að hafa jákvæðni að leiðarljósi. „Hún er mikilvæg því neikvæðni getur leitt til mikillar vanlíðunar,“ segir Kyle, sem telur rétta líkamsstöðu líka lykilatriði. „Líkaminn hefur ekki síður áhrif á hugarfarið, samanber veikindi, og þeim sem gengur alltaf um niðurlútur líður verr en þeim sem ber höfuðið hátt. Allt saman hefur þetta sín áhrif,“ segir Kyle, sem verður líklega aftur hérlendis í mars, en áhugasamir geta sent fyrirspurnir á heilsukokkur@heilsukokkur.com.

*roald@frettabladid.is*


Lífsskólinn ehf.
Aromatherapyskóli Íslands.

*Óhefðbundnar og hefðbundnar lækningar*
*12. og 13. mars 2011*
*Námsgjald 30.000 kr. (námsgögn innifalin)*
*Lífsskólinn.is lifsskolinn@simnet.is*

***Nám um algenga erfiða sjúkdóma:***
*Vírussjúkdóma eins og inflúensuvírusa og sjúkdóma í kjölfar þeirra, (samanburður við) Spænsku veikina (HINI), R.S.- vírus, Streptococcus aureus, Einkirningasótt (mononucleosis infectiosa), Staphylococcus aureus MRSA. Gigtarsjúkdóma og breytileika þeirra,*







***Kennarar***

***Dr. Erwin Häringer***
Dr. Erwin Häringer er doktor í þremur fögum, heimilislækningum, lífeðlisfræði og heimspeki. Hann er starfandi heimilislæknir í Munchen og hefur allt frá 1967 unnið að rannsóknum á áhrifum ilmolía úr jurtum. Hann hefur haldið fjölda fyrirlestra f.h. læknafélagsins í Bæjaralandi. Hann og Margret hafa verið kennarar Lífsskólans, Arómatherapyskóla Íslands frá 1999 og byggist kennsla skólans á þekkingu þeirra sem er byggð á vísindarannsóknum.

***Margret Demleitner***
Margret Deimleitner er sérfræðingur í náttúrulækningum með lokapróf í "naturpracticer", með ilmolíumeðferð sem sérsvið. Hún er einnig lærður grasalæknir. Hún er iðjuþjálfi og hefur starfað í 26 ár við háskólasjúkrahúsið í Munchen bæði sem iðjuþjálfi og ilmolíufræðingur. Hún hefur nú látið af störfum þar og vinnur sjálfstætt um alla Evrópu og víðar við kennslu og fyrirlestra. Hún hefur gefið út bók í ilmolíuefnafræði ásamt prófessor í þeim fræðum.



**Nú færð þú hinn frábæra hreinsunardrykk „Beat the body with goji“ á 2 fyrir 1**

Frábærar reynslusögur viðskiptavina okkar hafa nú þegar sannað góð áhrif drykkjarins.



My Secret
aada

**Innihaldsefni:** engifer, gojiber, rauðrófur, cayenne pipar og bláber hafa mjög góð áhrif á hreinsun líkamanns.

**Verð 1990,- 2x2 lítar!**

**Fæst einungis á Digranesvegi 10 á meðan birgðir endast. Sendum á landsbyggðina.**

Engifer ehf – Digranesvegi 10 Kópavogi
Sími 527 2777
www.mysecret.is – info@mysecret.is




Þessir kappar settu upp kaffihús með fleiri krókkum. Snorri Páll er annar þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Velferð ungs fólks

**Velferð og frítími ungs fólks verður í brennidepli á ráðstefnu sem haldin verður fimmtudaginn 3. mars í Bratta, sal í Kennaraháskólanum.**

„Við viljum varpa upp mynd af stöðu ungs fólks í dag og fáum bæði ungmenni á aldrinum 15-25 ára til að tala og einnig eldri reynslubolta sem vinna með ungu fólki á þeirra vettvangi,“ segir Snorri Páll Þórðarson. Hann er einn þriggja aðstandenda ráðstefnu um velferð og frítíma ungs fólks sem haldin verður 3. mars í Bratta í Kennaraháskólanum.

Snorri Páll segir markmiðið ekki síst það að gefa ungu fólki kost á að koma á framfæri skoðunum sínum um það sem það er ánægt með og hitt sem betur má fara. „Þetta er málefni sem er brýnt að fjalla um á öllum tímum og ekki síst þeim sem við lifum í dag,“ segir Snorri Páll sem ásamt hinum aðstandendum ráðstefnunnar stundar nám á tómstunda- og félagsmálafræðibraut við Háskóla Íslands.

Ráðstefnan er í samstarfi við Hitt húsið. Hún er á milli klukkan 14. og 16.30 og þeir sem vilja skrá sig geta sent skeyti á sth122@hi.is

*- gun*



Árni æfir tvisvar til þrisvar á dag. „Svo passa ég mataræðið mjög vel og reyni almennt að lifa öguðu lífi. Maður þarf alltaf að vera á tánum.“

Framhald af forsíðu

„Ég átti að keppa við annan mótherja frá Bandaríkjunum. Sá komst ekki á mótið og því var ákveðið að ég skyldi mæta Reed en þurfti þá að keppa í hærri þyngdarflokki,“ útskýrir Árni sem gengur undir nafninu The Ice Viking á erlendum vettvangi.

Skemmst er frá að segja að Árni hafði betur í keppninni við vöðvatröllið í tveimur lotum en yfirleitt er keppni sem þessi þrjár lotur sem hver varir í fimm mínútur. „Tæknin sigrar yfirleitt á endanum. Hann var með stærri vöðva en ég var með betri tækni,“ segir Árni glaðlega enda ánægður með árangurinn. „Það er gott að finna þennan styrk því ég á ekki von á að lenda aftur á móti svona sterkum andstæðingi.“

Árni hefur haft brennandi áhuga á bardagalistum frá unga aldri og bardagamyndir hafa ávallt heillað hann. Hann byrjaði að æfa kickbox fimmtán ára gamall en fór að æfa MMA (mixed martial arts, eða blandaðar bardagaíþróttir) fyrir sex árum, þá 21 árs gamall. „Þá sá ég spólu með UFC-keppni (ultimate fighting champion) og heillaðist um leið,“ segir Árni.

Inntur eftir því hvort hann eigi sér átrúnaðargoð í greininni neitar hann því. „En ég lít mjög upp til boxarans Emmets Hopkins. Ekki vegna íþróttarinnar heldur vegna þess hvernig hann lifir lífinu. Hann hefur þá hugsjón að vera agaður og gera öðrum gott,“ segir Árni. Hann hefur tekið þátt í fjórtán MMA-bardögum víða um heim og unnið ellefu sinnum sem þykir mjög gott.

Árni æfir tvisvar til þrisvar á dag og kennir auk þess nokkra tíma í Combat gym þar sem hann æfir. „Það eru nú ekki miklir peningar í þessu eins og er en ég vona að það standi til bóta,“ segir Árni en með góðum árangri koma einnig styrktaraðilar.

Og hvað er næst á dagskrá? „Ég vann titil í Úkraínu í fyrra og næsta skref er að verja hann,“ segir Árni sem mun keppa í Úkraínu í apríl. „Þetta verður því stutt hvíld og ég fer beint aftur í gymmið.“

*solveig@frettabladid.is*

## Horfurnar á bata sífellt betri

LÍF STYRKTARFÉLAG STENDUR FYRIR FYRIRLESTRI UM NÝJUNGAR Í SKURÐMEÐFERÐ VIÐ BRJÓSTAKRABBAMEINI.

Líf, styrktarfélag kvennadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH), stendur fyrir röð hádegisfyrirlestra í Háskólanum í Reykjavík um málefni sem tengjast heilsu kvenna. Á næsta fundi, sem verður haldinn miðvikudaginn 2. mars, er ætlunin að fjalla um nýjungar í skurðmeðferð við brjóstakrabbameini sem hafa átt sér stað á Landspítala á undanförnum árum.

Á sama tíma og nýgengi brjóstakrabbameins á Íslandi hefur aukist hafa horfur þeirra sem greinast með sjúkdóminn batnað til muna. Meirihluti nýgreindra brjóstakrabbameinssjúklinga læknast í dag og gegna sérhæfðar skurðaðgerðir mikilvægu hlutverki í meðferðinni.

Fyrirlesturinn, sem hefst klukkan 12, er hluti af fyrirlestraröð Lífs styrktarfélags og liður í undirbúningi fyrir fjársöfnun Lífs fyrir kvennadeildir LSH sem verður haldin á landsvísu og lýkur með söfnunarþætti á Stöð 2 4. mars.



Meirihluti nýgreindra brjóstakrabbameinssjúklinga læknast í dag og gegna sérhæfðar skurðaðgerðir mikilvægu hlutverki í meðferðinni.

## Brasilísk sambasveifla

KRISTÍN BERGSDÓTTIR BÝÐUR UPP Á TVÆR KENNSLUSTUNDIR Í SAMBADANSI Í KRAMHÚSINU Í VIKUNNI.

Karnivalstemning verður á Bakkusi í Tryggvagötu 22 laugardaginn 5. mars. Að henni standa Kristín Bergsdóttir, Ragnheiður Maísól Sturludóttir og Samúel Jón Samúelsson en þau hafa öll búið í borginni Rio de Janeiro og þekkja því vel til kjötkveðjuhátíðarinnar. Þremenningarnir lofa dansi, söng og brosi allan hringinn því listamennirnir sem koma fram hafa dálæti á brasilískri tónlist.



Áður en af þessari skemmtun verður mun Kristín Bergsdóttir bjóða upp á tvær kennslustundir í sambadansi í Kramhúsinu. Sú fyrri er í kvöld, 1. mars klukkan 21, og sú síðari á fimmtudaginn 3. mars á sama tíma.

Verðið er 2.000 kr. fyrir báða tímana en 1.500 fyrir annan. *- gun*













# Aðalfundur

Aðalfundur Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands verður haldinn fimmtudaginn 10. mars kl. 20 í Hamraborg 11, 2. hæð.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Fundarseta er öllum heimil.
Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

Stjórnin

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild
www.redcross.is/kopavogur


# Alltof slakar sýklavarnir

**Slakar sýklavarnir eru á hjúkrunarheimilum á Íslandi að sögn formanns Sjúkraliðafélags Íslands. Of fáir sjúkraliðar eru á vakt og menntun ekki metin að verðleikum. Landlæknir treystir á almenna skynsemi.**

„Þegar Noro-veiran geisaði voru dæmi um að ófaglærðir starfsmenn í þvottahúsi voru sendir úr því að þvo Noro-sýktan þvott yfir í eldhússtörf á öldrunarheimilum, án þess að þurfa að skipta um föt eða baða sig á milli. Nú eru sum hjúkrunarheimili hætt að skaffa starfsfólki vinnubuxur í sparnaðarskyni. Þá þvær starfsfólk eigin buxur heima hjá sér; þvert á heilbrigðisreglur sem kenndar eru í hjúkrun um að sýklar séu ekki bornir inn á heimili fólks og öfugt. Þetta er því sóðaskapur á hæsta stigi og eftirlitsskyldu vegna smitleiða ekki gætt,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, um slakar sýklavarnir á hjúkrunarheimilum.

„Bráðsmitandi Noro-veira er orðin krónískt vandamál á öldrunarstofnunum en er nú líka komin út í þjóðfélagið því ekki hefur verið passað upp á grunnreglur hreinlætis. Við höfum sent Landlæknisembættinu skýrslu norrænna sjúkraliða sem hingað komu til starfa og er orða vant yfir skorti á fagmennsku sem viðgengst á íslenskum hjúkrunarheimilum og þar sem ófaglærðir ganga í störf fagfólks athugasemdalaust. Þannig eru vaktir mannaðar að mestu ófaglærðu starfsfólki á fínustu hjúkrunarheimilum landsins, ótalandi á íslensku og með engar forsendur fyrir hreinlæti til að sinna sjúku fólki en ber sýkla á milli með löngum neglum, skartgripum og hári langt niður fyrir augu,“ segir Kristín sem hefur áhyggjur af íbúum hjúkrunarheimila miðað við hversu fáliðað er þar af fagfólki.


Kristín Á . Guðmundsdóttir formaður Sjúkraliðafélags Íslands.

„Á Hrafnistu í Hafnarfirði eru tveir starfsmenn og hlaupastelpur á vakt á vistunardeild um helgar til að hlaupa á milli þriggja hæða og sinna 140 manns, þar af 70 í hjúkrunarrýmum. Þar á bæ segjast menn ekki hafa þörf fyrir sjúkraliða með sérmenntun í öldrun, en stór hópur sjúkraliða hefur lokið heilsárs viðbótarnámi í hjúkrun aldraðra. Á mörgum stofnunum er ekki gerður einn einasti greinarmunur á því hvort eintómir ófaglærðir séu að störfum eða sjúkraliðar með þriggja ára sérnám í hjúkrun, en í Danmörku, til samanburðar, má ófaglærður starfsmaður kynna sér starfið í ár, þar til hann þarf að mennta sig til að mega vinna meira,“ segir Kristín og upplýsir að sjúkraliðar búi við grimmt andrúmsloft þar sem niðurskurðarhnífurinn bliki á lofti og yfirmenn kvarti yfir því að kjarasamningurinn sé alltof dýr.


Veikindi sem yngra fólk hristir af sér geta reynst öldruðum þungbær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bráðsmitandi Noro-veira er orðin krónískt vandamál á öldrunarstofnunum en er nú líka komin út í þjóðfélagið því ekki hefur verið passað upp á grunnreglur hreinlætis.

„Því þora þeir hvorki að kvarta né verða veikir af ótta við að missa vinnuna og ef staða sjúkraliða losnar er hún ekki auglýst heldur ráðið ófaglært fólk í staðinn. Álag á fagmenntað heilbrigðisfólk er því ómanneskjulegt og bjóðum við ókeypis sálgæslu fyrir sjúkraliða til að þeir hafi stað til að vinda ofan af sér, því þeim líður mörgum mjög illa yfir ástandinu. Allt býður þetta hættunni heim og ég er óttaslegin að starfsfólk nái ekki að halda utan um þá mörgu sjúklinga sem það ber ábyrgð á, ekki síst vegna sýkingarhættu, enda þolir eldra fólk mjög illa að verða veikt og gjarnan dánarorsök þess veikindi sem yngra fólk hristir af sér.“

## Treysta á almenna skynsemi

Lögum samkvæmt á Landlæknisembættið að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu með ráðgjöf, eftirliti og upplýsingasöfnun.

„Smitleiðir og sýkingarhættu, sem Kristín vitnar um, þarf Landlæknisembættið að skoða í samráði við sóttvarnalækni. Ekki er mælt með að heilbrigðisstarfsfólk sé með skartgripi né langar neglur vegna óhreininda og smithættu, en við treystum á almenna skynsemi þegar kemur að hreinlæti á hjúkrunarheimilum,“ segir Anna Björg Aradóttir, sviðsstjóri gæða- og lýðheilsusviðs Landlæknisembættisins. „Þekkt er að læknar séu bara á slopp utan yfir fötum sínum á vakt, en klæðnaður skyldi alltaf fara eftir aðstæðum og vissulega eru aldraðir viðkvæmari fyrir sýkingum og mega verr við því að veikjast.“

Að sögn Önnu Bjargar hefur Landlæknisembættið nýlega gert úttekt á öllum hjúkrunarheimilum landsbyggðarinnar og er nú að byrja á höfuðborgarsvæðinu.

„Okkar mottó er að halda tilteknu mönnunarhlutfalli faglærðra og á næstu vikum mun nýtt mönnunarmódel líta dagsins ljós. Á sama tíma þurfum við að vera raunsæ til að halda úti ákjósanlegri mönnun í fjárskorti, en reynum að finna skynsamlegt starfshlutfall sem uppfyllir tiltekin gæði og öryggi á hjúkrunarheimilum,“ segir Anna Björg, sem hvetur fagfélög heilbrigðisstarfsfólks að senda inn nafnlausar ábendingar svo koma megi í veg fyrir þöggun.

„Það á ekki að eiga sér stað að ófaglært fólk sé ráðið í skilgreindar stöður fagfólks og ófaglærðir eiga aldrei að vinna einir í hjúkrun heldur alltaf með hjúkrunarfagfólki. Þetta reynum við að vakta og höfum einnig farið fram á að ófaglærðir í umönnun tali íslensku,“ segir Anna Björg sem óskar reglulega eftir vaktaskýrslum frá hjúkrunarheimilum til að sjá hvert hlutfall mönnunar er.

„Því miður höfum við ekki fjármagn til að senda fólk óvænt inn á hjúkrunarheimilin svo athuga megi mönnun hverju sinni og verðum við að treysta fólki til að segja okkur satt. Við úttekt munum við skoða þetta vel og gera athugasemdir ef mönnun er ekki æskileg, rétt eins og við þurfum að gera af og til nú.“

thordis@frettabladid.is







BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




KS FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
U.Þ.B. 3.2 KG./ **U.Þ.B. 1920 KR.** POKINN

# K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT
## 1.FLOKKUR *100 KR. VERÐLÆKKUN*

# VERÐ NÚ **598** KR.KG.




25% afsláttur
BÓNUS **PYLSUR 10 STK.** u.þ.b. 470g
599 kr.kg. Merkt verð 798 kr.kg
U.Þ.B.. **285** KR.PK.




**139** KR. 460 gr
**129** KR. 460 gr
BÓNUS SINNEP
NÝTT OG ENDURBÆTT BRAGÐ
TÓMATSÓSA




ALI BJÚGU 4 STK.
**498** KR.KG

## Góður tilbúinn matur fyrir 3-4

aðeins **998** kr. bakkinn



BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE



BÓNUS HEILSURÉTTUR

ÞARF AÐEINS AÐ HITA!



BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR



BÓNUS BURRITOS 4 STK.




KJARNAFÆÐI FROSIÐ **SPARHAKK**
**359** KR. 625g




KJARNAFÆÐI NÝTT **KJÖTFARS**
**259** KR. 620g




NORÐANFISKUR **FISKBÚÐINGUR**
**398** KR. 625g

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vellutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



†

*Okkar ástkæri mágur, föðurbróðir, afabróðir og frændi,*

**Örn Jóhannesson,**
Reynimel 74, 107 Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 25. febrúar.

**Erla Ársælsdóttir**
**Dagmar Gunnarsdóttir** **Rikarð Bess Júlíusson**
**Jóhanna Gunnarsdóttir** **Lúðvík Þorvaldsson**
**Stefanía G. Sæmundsdóttir** **Bragi Vilhjálmsson**
**börn og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóna Laufey Hallgrímsdóttir (Eyja)**
Heiðargerði 27, Reykjavík,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 24. febrúar. Útförin fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 2. mars kl. 11.00.

**Margrét Þóra Guðmundsdóttir** **Ólafur Þór Sigurvinsson**
**Kristján Guðmundsson** **Margrét Jóhannsdóttir**
**Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir** **Ásgeir Sigurvinsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og stórfrænka,*

**Kristbjörg Þórarinsdóttir**
frá Ríp,

lést á líknardeild Landakotsspítala 23. febrúar. Útförin fer fram fimmtudaginn 3. mars kl 13.00 í Kópavogskirkju.

**Ævar Jóhannesson**
**Jóhannes Örn Ævarsson** **Sif Garðarsdóttir**
**Sigríður Ævarsdóttir** **Benedikt Guðni Líndal**
**Þórarinn Hjörtur Ævarsson** **Barbara Ösp Ómarsdóttir**
**Ólöf Ævarsdóttir** **Björn Bögeskov Hilmarsson**
**barnaböm og barnabarnabarn.**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Ágúst Kristjánsson,**
Ásgarði 121,

lést 26. febrúar á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Svala Aðalsteinsdóttir**
**Aðalheiður Sigurðardóttir**
**Sólrún Ósk Sigurðardóttir** **Árni V. Sigurðsson**
**Ester Sigurðardóttir** **Andrés B. Bergsson**
**Hjálmar Guðni Sigurðsson** **Shelley Sigurdsson**
**Jóhannes Ari Jónsson**
**barnaböm og barnabarnaböm.**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR - Á AFSLÆTTI

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Ásgeirsson,**
fyrrverandi sveitarstjóri,
Hlévangi, Keflavík,

lést föstudaginn 25. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Steinunn Helga Jónsdóttir** **Hallgrímur Gunnarsson**
**Rebekka Dagbjört Jónsdóttir** **Björgvin Halldórsson**
**Ásgeir Jónsson** **Hrafnhildur H. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingi Hjörleifsson,**
Austurgötu 23, Keflavík,

sem lést þann 15. febrúar, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 3. mars kl. 13.00.

**Hjörleifur Ingason**
**Þorbjörg Sóley Ingadóttir** **Nikulás Úlfar Másson**
**Guðný Lára Ingadóttir** **Haukur Holm**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Helgi Gunnarsson,**
Álftarima 4, Selfosssi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 28. febrúar síðastliðinn.

**Steinunn G. Helgadóttir** **Karl Kristjánsson**
**Sigurlína R. Helgadóttir** **Guðmundur Jóhannesson**
**Helga S. Helgadóttir** **Þröstur Leó Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, ömmu, langömmu og langalangömmu;*

**Guðrún Símonardóttur,**
Hagamel 25, Reykjavík.

**Gerður Unndórsdóttir** **Vilhjálmur Einarsson**
**Albína Unndórsdóttir** **Sigurður Ágústsson**
**Þórdís Unndórsdóttir** **Jón S. Guðnason**
**Jón E. Unndórsson** **Ólöf Elfa Sigvaldadóttir**
**Símon R. Unndórsson** **Lára I. Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir og tengdamóðir,*

**Sigríður Friðriksdóttir**
frá Vestmannaeyjum,

lést hinn 28. febrúar að Hrafnistu í Reykjavík.

**Jón Berg Halldórsson** **Helga Sigurgeirsdóttir**



**Á SEYÐISFIRÐI** Námskeið og sýning listnema stendur nú yfir í listamiðstöðinni Skaftfelli á Seyðisfirði.

# Annan hvern dag á öðrum stað

Ár hvert flytja nokkrir myndlistarnemar við Listaháskóla Íslands listiðju sína um set og koma sér fyrir á Seyðisfirði. Þessa dagana stendur yfir tveggja vikna námskeið, í samstarfi við listamiðstöðina Skaftfell, Dieter Roth Akademíuna og Tækniminjasafn Austurlands, undir yfirskriftinni Annan hvern dag á öðrum stað.

Bærinn Seyðisfjörður hefur þá sérstöðu að vera sögulegur tengipunktur, úr alfaraleið en býr jafnframt yfir ríkulegri menningarsögu og er það álit margra að bærinn sé fyrsta aðsetur menningar á Íslandi. Bærinn er því áhrifaríkt uppspretta hugmynda sem byggja á sögu, sjálfræði og staðsetningu, en mörg verk sýningarinnar byggja einmitt á þessum hugmyndum.



†

*Ástkær eiginkona mín, fósturmóðir, systir og frænka,*

**Sigríður Svanlaug Heiðberg**

lést á Landakotsspítala þriðjudaginn 22. febrúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 3. mars kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Sigríðar Heiðberg til styrktar líknarstarfinu í Kattholti. Reikningur 0113-15-381290, kt. 550378-0199.

**Einar Jónsson**
**Daníel Orri Einarsson**
**Ragnar Davíð Bjarnason**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, afi og langafi,*

**Jóhann Georg Möller,**
frv. skrifstofustjóri,
Naustahlein 20,

lést á heimili sínu aðfaranótt laugardagsins 26. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni, mánudaginn 7. mars kl. 15.00.

**Elísabet Á. Möller**
**Árni Möller** **Signý Pálsdóttir**
**Helga Möller**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Elskuleg móðir mín og systir,*

**Steinunn Kristbjörg Gunnsteinsdóttir Grönvaldt (Baddý),**
áður búsett á Rödovre Parkvej 273, Kaupmannahöfn,

andaðist á hjúkrunarheimilinu í Græsted á Sjálandi 24. febrúar sl. Útför hennar verður gerð frá Græstedkirkju þriðjudaginn 1. mars 2011 kl. 13.00.

**Olaf Grönvaldt**
**Áslaug Gunnsteinsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

ORMSSON


VOR 2011

# ÞVOTTA DAGAR

## ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR

*Gerðu hreinlega frábær kaup á eðalheimilistækjum!*

### Þvottavél LAVAMAT 62840
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók




Listaverð: 119.900,-
***Þú sparar: 24.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **95.900,-**

### Þvottavél LAVAMAT 64840
1400 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók




Listaverð: 129.900,-
***Þú sparar: 26.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **103.900,-**

### Þurrkari LAVATHERM T55460
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg
Íslensk notendahandbók




Listaverð: 119.900,-
***Þú sparar: 30.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **89.900,-**

### Þvottavél LAVAMAT 74850
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1400 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók




Listaverð: 169.900,-
***Þú sparar: 34.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **135.900,-**

### Þvottavél LAVAMAT 76850
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1600 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók




Listaverð: 179.900,-
***Þú sparar: 36.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **143.900,-**

### Þurrkari LAVATHERM T56740
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg
Íslensk notendahandbók




Listaverð: 139.900,-
***Þú sparar: 28.000,-***

TILBOÐSVERÐ – **111.900,-**

### Uppþvottavél FAVORIT 45000W
FRÍSTANDANDI MEÐ TOPPPLÖTU
Tekur 12 manna stell
4 þvottakerfi
4 hitastillingar
Framvinduskjár
Hljóðlát vél
– 49db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
Íslenskar leiðbeiningar




TILBOÐSVERÐ – **89.900,-**

### Þvottavél TF 1255E
1200 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti
Öll hugsanleg þvottakerfi
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
Sænskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar




TILBOÐSVERÐ – **79.900,-**

### Uppþvottavél DI 8526
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hitastillingar
Framvinduskjár
Hljóðlát vél:
– 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
Íslenskar leiðbeiningar




TILBOÐSVERÐ – **79.900,-** HVÍT **89.900,-** STÁL

### Þvottavél & þurrkari PAR 1
LAVAMAT 62840 & LAVATHERM T55460

**ÞVOTTAVÉL**
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Listaverð: 119.900,-

**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg
Listaverð: 119.900,-




Listaverð á PARINU: 239.800,-
***Þú sparar: 59.975,-***

TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **179.825,-**

### Þvottavél & þurrkari PAR 2
LAVAMAT 74850 & LAVATHERM T58840
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

**ÞVOTTAVÉL**
1400 snúninga · Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 169.900,-

**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg
Stafrænn framvinduskjár
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 149.900,-




Listaverð á PARINU: 319.800,-
***Þú sparar: 71.455,-***

TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **248.345,-**

KVIKA

www.ormsson.is



Umboðsmenn um land allt

ORMSSON

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| LÁGMÚLA 8 | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 |

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sleipur, **6.** karlkyn, **8.** átti heima, **9.** lífshlaup, **11.** hljóm, **12.** skipað niður, **14.** læða, **16.** átt, **17.** matjurt, **18.** gröm, **20.** tveir eins, **21.** ættgöfgi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mjög bjartur, **3.** í röð, **4.** skáldamál, **5.** fugl, **7.** pyntari, **10.** svelgur, **13.** í viðbót, **15.** heila, **16.** bekkur, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** háll, **6.** kk, **8.** bjó, **9.** ævi, **11.** óm, **12.** raðað, **14.** lauma, **16.** sa, **17.** kál, **18.** erg, **20.** ll, **21.** tign.
**LÓÐRÉTT: 1.** skær, **3.** áb, **4.** ljóðmál, **5.** lóm, **7.** kvalari, **10.** iða, **13.** auk, **15.** alla, **16.** set, **19.** gg.


Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

**Aðalfundur Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands**

verður haldinn þriðjudaginn 15. mars 2011, kl. 17:00 í húsnæði deildarinnar að Laugavegi 120 – 5 . hæð. Gengið inn Rauðarárstígsmegin.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins. Lagðar verða fram tillögur til lagabreytinga og eru breytingartillögurnar kynntar á heimasíðu deildarinnar www.redcross.is/reykjavik

Framkvæmdastjóri



ÁS STYRKTARFÉLAG

**Bjarkarás**

óskar eftir þroskaþjálfa, félagsliða og stuðningsfulltrúa til starfa. Um er að ræða 100% stöður og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Bjarkarás er staðsettur í Stjörnugróf 9 og vinnutími er frá 8.30 til 16.30 virka daga.

Um er að ræða störf á deild sem ætluð er einstaklingum sem þurfa sértæka þjónustu vegna hegðunarfrávika.

Karlmenn eru sérstaklega hvattir til að sækja um til að gæta jafnvægis milli kynja í starfsmannahópnum og þar sem meirihluti þjónustuþega eru karlmenn.

Nánari upplýsingar veita Þórhildur Garðarsdóttir og Valgerður Unnarsdóttir í síma 414-0540.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

**Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt**

Íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt verða haldin á höfuðborgarsvæðinu 6.-10. júní nk. Próf verða einnig haldin á eftirtöldum stöðum: Ísafirði 30. maí, Akureyri 30. maí og Egilsstöðum 1. júní.

Skráning í prófin fer fram með rafrænum hætti á vef Námsmatsstofnunar, www.namsmat.is til og með 10. maí. Gjald fyrir þátttöku í prófi er 7.000 krónur sem greiða skal í síðasta lagi 10. maí inn á reikning Námsmatsstofnunar, sjá upplýsingar þar að lútandi á vef stofnunarinnar.

Sjá nánar á vefnum www.namsmat.is. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 550 2400.

*Innanríkisráðuneytinu,*
*1. mars 2011*


# Sjónarhornið úr sollinum

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Undanfarinn áratug eða svo hefur póstnúmerið alræmda hundrað og einn verið minn heimavöllur. Síðastliðinn þrjú ár hef ég meira að segja búið í sjálfu hjarta sollsins: Hverfisgötu. Samkvæmt vinsælli forskrift ætti ég því væntanlega að vera ullardúðuð listaspíra á styrkjum (lesist bótum), sem sökum lattéþambs og hugvísindamenntunar hefur bjagað skynbragð á nýtingu náttúruauðlinda og efnahagsstjórn. Að viðbættri nálægðinni við Hverfisgötu má að auki teljast líklegt að ég stundi til að fjármagna fíkn mína í morfínlyf.

**SENN** losna ég hins vegar undan 101-stimplinum því bráðum flyt ég alla leið í hundrað og fjóra; í heimkynni „venjulega fólksins". Ég játa að eftir áralanga innrætingu á tvískiptingu heimsins í „101 og hinir" kvíði ég því að fikra mig út fyrir mærin og kveðja heim myndlistaropnana, frumsýninga og útgáfuhófa. Hvernig skyldi veröldin annars vera fyrir utan 101?

**ER** skylda að að eiga jeppling ef maður býr ekki í 101 Reykjavík? Verður maður að vera í flíspeysu frá Cintamani þegar maður fer í bæinn á menningarnótt? Má ég ekki lengur láta sjá mig í lopapeysunni sem mamma prjónaði á mig í fyrra?

**ÞEGAR** réttlætiskennd minni er misboðið, fæ ég þá útrás MEÐ ÞVÍ AÐ SKRIFA ILLA STAFSTETA FACEBOOK-FRÆSLU Í HÁSTÖFUM MEÐFULLT AF UPPHRÓPUNARMERKJUM?!!!! Verður hugmynd mín um pólitískt andóf að kommenta á Eyjuna? Þarf ég að læka allar greinar á Pressunni? Verða bensínverð og myntkörfulán einu málin sem geta fengið mig til að mæta á mótmæli? Verður orðið „landráðamaður" mér tamt?

**BREYTIST** skynjun manns á lífið þegar maður býr fyrir utan 101? Verður Útsvar skemmtilegt? Verð ég sólginn í My Secret-engiferdrykkinn? Meikar Tobba Marinós sens? Á ég bara eftir að lesa reyfara? Er bannað að fara út að skokka nema í spandexgalla. Verð ég að vera í þjóðkirkjunni þótt ég sé trúlaus? Læt ég setninguna „alltaf laus bílastæði" ráða hvar ég eyði helgunum? Byrja ég að kalla son minn „lasarus" þegar hann veikist? Verð ég að lýsa öllu sem ég hef velþóknun á með orðinu „snilld"?

**ÞAÐ** er engum blöðum um það að fletta að lífið fyrir utan 101 Reykjavík verður allt öðruvísi en ég á að venjast. En það þarf ekki endilega að vera svo slæmt. Svo framarlega sem ég er jákvæður og reyni að nálgast þessa plebba sem búa þarna með opnum huga og fordómalaust.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Andreas Ólafur Ketel
Matreiðslumaður, Actavis
ÞAÐ GETA ALLIR GEFIÐ LÍF
Actavis gefur Líf og kynnir fræðslufundi Lífs
Líf, styrktarfélag kvennadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss, stendur fyrir fjáröflun á landsvísu til að klára endurbætur á húsnæði og bæta aðbúnað á deildinni. Í tengslum við söfnunina er boðið upp á röð opinna hádegisfyrirlestra í Háskólanum í Reykjavík (HR) um málefni sem tengjast heilsu kvenna. Fundirnir eru öllum opnir.
2. mars kl. 12.00: Skurðmeðferð við brjóstakrabbameini á Íslandi – sagan, nútíminn og framtíðarsýn.
Nánari upplýsingar og skráning á www.gefdulif.is.
Þú getur gefið Líf með því að gerast styrktarfélagi á www.gefdulif.is, kaupa bolinn eða gefa til söfnunarinnar 4. mars.
LÍF Styrktarfélag
actavis
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# menning

menning@frettabladid.is

**! LISTIN AÐ BINDA INN BÓK** Þröstur Jónsson bókbindari kynnir hefðbundið bókband á handverkskaffi marsmánaðar í Gerðubergi á miðvikudagskvöld klukkan 20. Hann segir frá handverkinu að baki innbindingu bóka og hefur meðferðis sýnishorn af hráefnum til bókbands. Þröstur hóf ungur að árum að starfa við bókband hjá prentsmiðjunni Hólum í Þingholtsstræti. Hann lauk sveinsprófi árið 1966 og hefur síðan unnið við bókband.

# HUGHREYSTINGIN Í HARMINUM

**Katla Margrét Þorgeirsdóttir fer með aðalhlutverkið í leikgerð byggðri á Ótuktinni eftir Önnu Pálínu Árnadóttur, sem verður frumsýnd í Iðnó í apríl. Valgeir Skagfjörð semur leikgerðina en inn í hana fléttast tónlist og textar eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson.**



KATLA, VALGEIR OG AÐALSTEINN Valgeir kallar sýninguna einsöngleik, eða einleik þar sem söngvar Aðalsteins Ásbergs fléttast saman við frásögnina. Katla Margrét leikur og syngur en Valgeir leikur undir á píanó.

Anna Pálína Árnadóttir söngkona lést úr krabbameini 2004, rétt rúmlega fertug að aldri. Sama ár kom bók hennar Ótuktin út, en þar lýsti hún vangaveltum sínum, innstu hugsunum og tilfinningum í glímunni við veikindin.



ANNA PÁLÍNA ÁRNADÓTTIR

Valgeir Skagfjörð, leikari og tónlistarmaður, hefur útbúið leikgerð eftir bókinni sem frumsýnd verður í Iðnó 28. apríl. Valgeir þekkti Önnu Pálínu vel en hugmyndina að sýningunni fékk hann þegar hann glímdi sjálfur við erfiðleika í kjölfar skilnaðar.

„Við hjónin höfðum verið góðir vinir þeirra hjóna Aðalsteins Ásbergs og Önnu Pálínu. Þegar við skildum leitaði ég að huggun í mínum harmi og fór þá að velta því fyrir mér hvernig Aðalsteinn vinur minn hefði tekist á við sína sorg þegar hann missti konuna sína."

Í kjölfarið las Valgeir Ótuktina aftur.

„Þá fór ég að átta mig á hvernig tilfinningar einnar manneskju geta orðið öðrum að gagni. Ég man að Anna Pálína fór út um allt, hélt fyrirlestra og las upp úr bókinni þegar hún var mjög veik. Þetta fannst mér til eftirbreytni, að nota eigin harm til að hughreysta aðra, og ég ákvað að nota að nota mína menntun og reynslu til að setja verkið á svið. Ég bar hugmyndina upp við Aðalstein og honum fannst þetta frábær hugmynd."

Það var hægara sagt en gert að laga verkið að sviðinu.

„Það er mikið um innri hugsanir í bókinni og ljóst að ég þurfti að finna einhverja aðra leið, sem tók mig heilt ár." Útkoman varð það sem Valgeir kallar einsöngleikur: einleikur þar sem lög og textar eftir Aðalstein Ásberg fléttast inn í atburðarásina.

Katla Margrét Þorgeirsdóttir fer með aðalhlutverkið og segir Valgeir að hún hafi verið hans fyrsta val.

„Katla er góð leikkona og ekki síðri söngkona. Ég hafði unnið með henni áður og vissi að hún væri hárrétta manneskjan fyrir þetta hlutverk."

Valgeir játar að það sé vandmeðfarið að skrifa verk sem sé jafn persónulegt og þetta.

„En við reyndum að hafa að leiðarljósi sama æðruleysið og jákvæðnina og einkenndi bókina. Útkoman af því held ég að sé mjög mannbætandi sýning, sem getur reynst heilandi fyrir marga."

bergsteinn@frettabladid.is

## Hádegistónleikar í HÍ

**Háskóli Íslands efnir til hátíðartónleikaraðar í tilefni af aldarafmæli sínu. Þar verður leikin íslensk, frumsamin tónlist á ólíkum stöðum um háskólasvæðið. Í tónleikaröðinni kennir ýmissa grasa; tónlist verður flutt af löngu látnu fólki, búlgörsk og makedónísk þjóðlög verða leikin sem og jasssvíta. Hluti tónleikanna er haldinn í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.**



SIGURÐUR FLOSASON



PÉTUR GRÉTARSSON

**Raddir þjóðar nefnast fyrstu tónleikarnir í röðinni og verða haldnir í stofnun Árna Magnússonar í hádeginu á morgun. Þar flytja Pétur Grétarsson slagverksleikari og Sigurður Flosason saxófónleikari samfelldan spuna þar sem hljóðfæraleikur þeirra kallast á við raddir úr söfnum í Stofnun Árna Magnússonar og Þjóðminjasafni Íslands.**

**Allir tónleikar í röðinni hefjast klukkan 12.30. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.**



markhonnun.is

# netto

*Ódýrt fyrir heimilið!*

























Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl
gildir meðan birgðir endast

# ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| JUSTIN BIEBER ótextuð | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| THE RITE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE RITE | kl. 6 - 9:20 | VIP |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| JUSTIN BIEBER MOVIE ótextuð | kl. 6 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:10 | 16 |
| SPACE CHIMPS 2 | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 8 - 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| JUSTIN BIEBER-3D ótextuð | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I AM NUMBER 4 | kl. 8 og 10.30 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 og 10.30 | 16 |
| JÓGI BJÖRN-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| GEIMAPAR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SANCTUM-3D | kl. 10.30 | 14 |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE RITE | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 10:30 | 12 |
| FROM PRADA TO NADA | kl. 5:50 | 10 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 - 8 | L |
| ROKLAND | kl. 8 | 12 |
| KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti | kl. 10:10 | 14 |

WWW.SAMBIO.IS


# ÓSKAR FÓR EFTIR BÓKINNI

**Breska kvikmyndin The King´s Speech var kjörin besta myndin á Óskarshátíðinni í Hollywood. Úrslit kvöldsins komu fáum á óvart.**



**FYRSTU ÓSKARSVERÐLAUNIN** Christian Bale, Natalie Portman, Melissa Leo og Colin Firth fengu öll sín fyrstu Óskarsverðlaun í fyrrakvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

The King´s Speech hlaut fern Óskarsverðlaun í fyrrakvöld, þar á meðal sem besta myndin, og kom það fáum á óvart rétt eins og valið á bestu leikurunum í aðal- og aukahlutverkum.

Colin Firth var valinn besti aðalleikarinn og Tom Hooper besti leikstjórinn, auk þess sem The King´s Speech hlaut styttuna fyrir besta frumsamda handritið. Myndin fjallar um konung Bretlands sem þarf að fara í talþjálfun til að vinna bug á stami sínu. Í myndinni hvetur þjálfarinn hann til að blóta. Til að yngri áhorfendur í Bandaríkjunum megi sjá myndina hefur verið ákveðið að sýna þar nýja útgáfu án allra blótsyrða.

The Social Network, sem margir töldu að myndi veita Ræðu konungs keppni um bestu myndina, fékk þrenn verðlaun, eða fyrir besta handrit byggt á áður birtu efni, bestu klippingu og tónlist.

Natalie Portman hreppti Óskarinn sem besta leikkona í aðalhlutverki fyrir hlutverk sitt í Black Swan. „Þetta er klikkað,“ sagði hin ófríska Portman.

Christian Bale og Melissa Leo fengu Óskarinn fyrir besta leik í aukahlutverkum í myndinni The Fighter. Allir leikararnir í aðal- og aukahlutverkum unnu sín fyrstu Óskarsverðlaun þetta kvöld.

Danska myndin Hævnen í leikstjórn Susanne Bier (Brødre og Den eneste ene) vann Óskarinn fyrir bestu myndina á öðru tungumáli en ensku.

freyr@frettabladid.is





| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| THE MECHANIC | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE MECHANIC Í LÚXUS | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 3.30 - 5.40 - 8 | L |
| THE EAGLE | KL. 10.30 | 16 |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| BLACK SWAN Í LÚXUS | KL. 5.30 | 16 |
| GULLIVER´S TRAVEL 3D | KL. 3.30 | L |
| ALFA OG OMEGA 3D | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 5.30 - 8 | L |
| 127 HOURS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE FIGHTER | KL. 10.30 | 14 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| HOW DO YOU KNOW | KL. 8 - 10.10 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 5.50 - 8 | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 10.10 | L |
| SÚÐBYRÐINGUR, SAGA BÁTS | KL. 6 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
AUKAKRÓNUR 5%
Ath: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíó



# OPIÐ HÚS Í MK

Opið hús í dag, þriðjudag kl. 16.30 - 18.00



Áfangastjórar, námsráðgjafar og kennarar verða á staðnum og veita upplýsingar um nám og kennslu og sýna skólann.

Nemendur munu kynna félagslífið.

## Námsframboð

**Bóknám:**
- Félagsfræðabraut
- Málabraut
  - tungumál, ferðagreinar
- Náttúrufræðibraut
  - eðlis- og efnafræði-, líffræði og tölvur
- Viðskipta og hagfræðibraut
- Skrifstofubraut

**Verknám:**
- Bakstur
- Framreiðsla
- Kjötiðn
- Matreiðsla

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel- og matvælaskólinn
Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn

Digranesvegi 51
sími: 594 4000
www.mk.is



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE MECHANIC | 6, 8 og 10.10 |
| BIG MOMMAS 3 | 5.50 |
| JUST GO WITH IT | 8 og 10.25 |
| TRUE GRIT | 5.50, 8 og 10.25 |



CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 20:10, 22:40 |
| LONDON BOULEVARD (16) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE) (14) | 17:50, 22:30 |
| FRAMTÍÐARLANDIÐ | 20:00 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 850 KR. MIÐINN





**PEARL JAM** Rokkararnir ætla að endurútgefa plöturnar Vs. og Vitalogy.

# Endurútgefa tvær plötur

**Í tilefni af tuttugu ára afmæli sínu ætla rokkararnir í Pearl Jam að endurútgefa plöturnar Vs. og Vitalogy 29. mars. Plöturnar koma út hvor í sínu lagi og verða þrjú áður óútgefin aukalög á hvorri þeirra. Á Vs. verður órafmögnuð útgáfa af laginu Hold On, lagið Cready Stomp sem ekki komst á plötuna á sínum tíma, og þeirra útgáfa af lagi Victoriu Williams, Crazy Mary, þar sem Williams sjálf syngur og spilar á kassagítar. Á Vitalogy verður ný útgáfa af laginu Betterman þar sem aðeins gítar og orgel koma við sögu, ný útgáfa af Corduroy og prufuútgáfa af Nothingman.**

Tónlist ★★★

This Is What's Left Of It

## Sannfærandi stílæfingar

Groundfloor



Íslenska hljómsveitin Groundfloor var stofnuð af þeim Ólafi Tómasi Guðbjartssyni söngvara og gítarleikara og Haraldi Guðmundssyni söngvara og kontrabassaleikara árið 2003. Þeir voru tveir í upphafi, en sveitin var orðin fjögurra manna þegar hún hljóðritaði fyrstu plötuna sína Bones sem kom út árið 2008. Þeir Ólafur og Haraldur voru báðir fluttir úr landi þegar Bones kom út og ákváðu að dreifa plötunni í Austurríki þar sem Haraldur hafði komið sér fyrir.

Plötunni var vel tekið ytra og í framhaldinu fór sveitin á tónleikaferðalag um Austurríki. Þýskaland og Ítalíu sumarið 2009, með breyttri mannaskipan. ...This Is What's Left Of It var svo hljóðrituð með þeirri mannaskipan, en auk Ólafs og Haraldar eru píanóleikarinn og söngkonan Harpa Þorvaldsdóttir, trommuleikarinn og söngvarinn Þorvaldur Þorvaldsson og fiðluleikarinn Julia Czerniawska nú í sveitinni, en þau þrjú hafa öll stundað tónlistarnám í Salzburg.

...This Is What's Left of It er ágætis plata. Þetta er vandað og vel fram borið popp. Lagasmíðarnar eru fínar og það er farið um víðan völl í útsetningunum. Áhrifa gætir frá þjóðlagapoppi, djassi og rokki og sumstaðar koma listamenn eins og Tom Waits eða Damien Rice upp í hugann. Það er margt smekklega gert hér og platan hljómar vel. Það sem vantar upp á er eitthvað sem gæfi hljómsveitinni sérstöðu. Þrátt fyrir að ...This Is What's Left of It sé um margt vel heppnuð og það megi hafa gaman af henni þá hljómar hún samt of mikið eins og þetta séu stílæfingar,- eins og Groundfloor eigi enn eftir að finna sína fjöl tónlistarlega séð. Ég spái því að það komi á næstu plötu.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Skemmtileg plata frá hljómsveit sem lofar góðu

# Rafmagnslaus tónleikaröð

Tónleikaröðin Rafmagnslaust á Norðurpólnum hefur göngu sína á fimmtudagskvöld í hinu nýlega leikhúsi á Seltjarnarnesi. Þar koma fram Agent Fresco og Orphic Oxtra og spila eigið efni órafmagnað og flytja einnig sameiginlegt verk.

„Það er ekkert alltof mikið af svona tónleikum í boði. Það er líka óvenjulegt að bjóða upp á tvær ólíkar hljómsveitir sem maður myndi ekki venjulega stilla saman," segir Jana María Guðmundsdóttir, leik- og söngkona, sem skipuleggur tónleikaröðina. Markmiðið með uppsetningunni er að setja fram nýstárlegt tónleikaform og skapa nánd við áhorfendur. Gegn framvísun aðgöngumiða verður hægt að nálgast upptökur af tónleikunum á stafrænu formi eða á geisladiski. „Okkur langaði að gefa gestum eitthvað aðeins meira en upplifunina," segir Jana María.

Á meðal annarra hljómsveita sem hafa staðfest þátttöku sína eru Valdimar, Mugison, Samúel Jón Samúelsson og Stórsveit Reykjavíkur og Of Monsters and Men. „Það hafa allir rosalegan áhuga á þessu og það vilja allir taka þátt. Þetta er engin gróðamaskína heldur tilraun til að búa til viðburð sem verður aðeins öðruvísi og verður í sífelldri mótun," segir hún. Tónleikarnir á fimmtudaginn hefjast stundvíslega klukkan 21 og miðaverð er 1.800 krónur.

- fb



**SKIPULEGGUR TÓNLEIKARÖÐ** Jana María Guðmundsdóttir skipuleggur tónleikaröðina Ragmagnslaust á Norðurpólnum.



# sport

sport@frettabladid.is



**HELENA SVERRISDÓTTIR** var í gær valin í lið vikunnar í Mountain West-riðlinum í bandaríska háskólaboltanum. Hún átti tvo frábæra leiki með TCU í liðinni viku, skoraði samtals 47 stig í þeim og klikkaði aðeins á sex skotum. Helena hefur verið frábær í vetur en tímabilinu lýkur í þessum mánuði.



**SKORAR GRIMMT** Zlatan Ibrahimovic skoraði í gær sitt 25. mark í 29 deildarleikjum. NORDIC PHOTOS/AFP

Toppslagur á Ítalíu:

## AC Milan tók mikilvægt skref

**FÓTBOLTI** AC Milan tók í gærkvöldi stórt skref í átt að ítalska meistaratitlinum með 3-0 sigri á Napoli á heimavelli. Zlatan Ibrahimovic, Alexandre Pato og Kevin-Prince Boateng skoruðu mörk liðsins sem komu öll í síðari hálfleik.

Sigur Milan var sannfærandi en liðið er nú með fimm stiga forystu á núverandi meistara, Inter. Napoli er svo sex stigum á eftir í þriðja sætinu og eru vonir liðsins um að skáka stórveldunum frá Mílanó orðnar ansi veikar.

Það er þó enn nóg eftir af tímabilinu – alls ellefu umferðir. Það verður þó sjálfsagt mikið undir þegar Milan og Inter eigast við þann 3. apríl næstkomandi. - esá

Carlos Vela dýrmætur:

## Tryggði WBA dýrmætt stig

**FÓTBOLTI** Lánsmaðurinn Carlos Vela tryggði í gær West Brom dýrmætt stig í fallslagnum í ensku úrvalsdeildinni annan leikinn í röð, í þetta sinn gegn Stoke.

Rory Delap kom Stoke yfir en Vela jafnaði metin á 87. mínútu, fjórum mínútum eftir að hann kom inn á sem varamaður.

Hann gerði slíkt hið sama gegn Wolves fyrir rúmri viku – kom þá inn á sem varamaður og tryggði sínu liði stig með marki á lokamínútum leiksins. - esá

# Pressan frekar á hinum liðunum

**Heiðar Helguson hefur verið að gera það gott með toppliði QPR í ensku B-deildinni. Um helgina skoraði hann tvívegis í 3-0 útisigri á Middlesbrough og er hann næstmarkahæsti leikmaður liðsins með tíu mörk.**



**Í KUNNUGLEGRI STÖÐU** Heiðar Helgason er hér að skora í leik gegn Ipswich í síðustu viku sem QPR vann, 2-0. NORDIC PHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Landsliðsframherjinn Heiðar Helguson hefur átt frábært tímabil með QPR sem situr nú á toppi ensku B-deildarinnar og stefnir beinleiðis upp í úrvalsdeildina. Hann skoraði tvö mörk í 3-0 sigri á Middlesbrough um helgina og er kominn í tíu mörk á tímabilinu. Heiðar er næstmarkahæsti leikmaður QPR og í 16. sæti í deildinni allri.

„Við erum efstir og ég er að skora – það er ekki hægt að biðja um mikið meira," sagði hann í samtali við Fréttablaðið í gær. „Mér líður því mjög vel eins og er. Það hafa vissulega verið vandamál í félaginu undanfarin ár og á tímabili voru nýir stjórar í nánast hverjum mánuði. En það virðist allt vera komið á hreint í dag og þetta er í raun allt annar klúbbur."

Heiðar hefur verið á Englandi síðan Graham Taylor keypti hann til Watford fyrir rúmum ellefu árum á 1,5 milljónir punda – sem var félagsmet þá. Hann var þar í hálft sjötta tímabil og naut mikillar velgengni. Þaðan fór hann í úrvalsdeildina og gekk til liðs við Fulham þar sem hann átti tvö ágæt ár. Árið 2007 var hann seldur til Bolton en meiðsli og bekkjarseta einkenndu feril hans þar.

Hann kom svo til QPR fyrir rúmum tveimur árum en var svo lánaður til síns gamla félags, Watford, stærsta hluta síðasta tímabils þar sem hann blómstraði enn á ný. Hinn 62 ára gamli Neil Warnock, sem tók við stjórn QPR í mars í fyrra, vildi fá hann aftur í sumar og síðan þá hefur bæði Heiðari sem og liðinu sjálfu gengið allt í haginn.

Heiðar ber Warnock söguna vel. „Mér líkar mjög vel við hann. Hann er mjög reyndur, hefur oft verið í þessari deild og komið liðum upp í efstu deild. Ég tel að þetta lið hafi ekki getað fengið betri mann en hann. Hann hefur svo fengið góða leikmenn sem hafa reynst okkur mjög vel – leikmenn sem smullu strax inn í liðið. Við byrjuðum af krafti í haust og erum enn á góðri siglingu."

QPR var lengi vel taplaust framan af tímabili en hefur reyndar mörg jafntefli – alls þrettán. Liðið tapaði tveimur leikjum í desember en hefur svo ekki tapað síðan á nýársdag. QPR er nú með fimm stiga forystu á næsta lið og tólf umferðir enn óleiknar.

Heiðar óttast ekki að liðið muni bogna undan pressunni á lokasprettinum. „Við höfum höndlað pressuna ágætlega hingað til og eins og staðan er í dag þurfa hin liðin að vinna 2-3 leikjum meira en við til að ná okkur. Pressan er því ekki á okkur, heldur frekar á hinum liðunum. Þau mega ekki misstíga sig."

Mörkin sem Heiðar hefur skorað eru dæmigerð fyrir hann – yfirleitt með skoti eða skalla inni í teig. „Við erum með góða leikmenn sem eru duglegir að skapa færi. Maður verður því að passa upp á að vera inni í boxinu og vonandi á réttum stað. Undanfarið hefur það verið þannig og gengið ágætlega. Þetta er þó langt tímabil og stundum hafa komið nokkrir leikir í röð þar sem boltinn hefur ekki verið að detta fyrir mann en þannig gengur það fyrir sig."

Samningur Hreiðars rennur út í sumar og eru viðræður hafnar um nýjan. Hann vill vera áfram hjá félaginu enda nýtur hann verunnar og segir það ólíkt skemmtilegra að vera í toppbaráttunni. „Hjá Watford vorum við aldrei við toppinn og venjulega hef ég verið í liðum sem eru að berjast á hinum endanum. Þannig var það líka hjá Fulham og Bolton um tíma. Þetta er því ágætis tilbreyting," sagði hann í léttum dúr.

„En það er enginn öruggur í þessari deild og ekki við heldur. Það eru engir auðveldir leikir og allir geta unnið alla. Það sem gildir er að halda í stöðugleikann og yfirleitt er það þannig að þau lið fara upp sem gera það best."

QPR mætir næst Leicester, liði Sven-Görans Eriksson, um næstu helgi og heldur barátta Heiðars og félaga þá áfram.

eirikur@frettabladid.is



**TÍU MÖRK Á TÍMABILINU** Heiðar hefur skorað fjögur mörk í síðustu þremur leikjum. NORDIC PHOTOS/GETTY

NISSAN X-TRAIL

Nýr Nissan X-Trail er stærri og rúmbetri en flestir bílar í sama flokki. Þessi vinsæli jeppi er nú fáanlegur í nýrri og uppfærðri útgáfu. Kraftmikil dísilvél, sjálfskipting, eitt fullkomnasta fjórhjóladrif sem völ er á, þráðlaus símabúnaður, skriðstillir, fullkomin hljómflutningstæki og aksturstölva er allt staðalbúnaður í Nissan X-Trail. Kíktu til okkar og reynsluaktu nýjum Nissan X-Trail.

Allar nánari upplýsingar á **www.nissan.is**

Verð frá: 5.990.000
Eyðsla: 7.1 l/100 km
$CO_2$ losun: 188 g/km
DÍSIL



NISSAN **JUKE**
Framhjóladrifinn, sjálfskiptur, 1.6 bensín, eyðsla 6,3 l/100km, $CO_2$ losun 145 g/km.
**3.850.000 kr.** / 44.221 kr. pr.mán.*



NISSAN **QASHQAI**
5 manna 4WD, sjálfskiptur, 2.0 bensín, eyðsla 8,2 l/100km, $CO_2$ losun 189 g/km
**4.990.000 kr.** / 57.227 kr. pr. mán.*



NISSAN **NOTE**
1.4, eyðsla 5,9 l/100km, $CO_2$ losun 139 g/km.
1.6, eyðsla 6,6 l/100km, $CO_2$ losun 159 g/km.
Frá **2.490.000 kr.** / 28.870 kr. pr. mán.*




*Mán.greiðsla m.v. 30% útb. og bílasamning í 84 mán.

**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000 facebook.com/nissanvinir

# SJÓNVARPS**TILBOÐ**




**Panasonic**
**ideas for life**




**AVATAR**
**3D Blu-Ray**
**FYLGIR MEÐ!**

**Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D**
42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 Engine - High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 (Native) skerpa, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST nettengingu, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction 3D Comb Filter, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4), kortalesari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart (með RGB), 4 HDMI, innbyggður gervihnattamóttakari, PC tengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990

## ÚRVAL GÆÐATÆKJA FRÁ FINLUX




**Finlux 19FLX850UD**
19" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**19" ▶ 49.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 22FLX850UD**
22" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**22" ▶ 54.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 24FLX850UD**
24" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**24" ▶ 64.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 26FLX850UD**
26" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**26" ▶ 69.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 32FLX850UD**
32" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 20000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 2 x HDMI, 2 x Scart, VGA, Component, Composite, CVBS, Audio in og út, S/PDIF Digital coaxial, heyrnartólstengi, USB með MKV stuðningi, Common Interface lesari ofl.

**32" ▶ 79.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 37FLHX850U**
37" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 20000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 2 x HDMI, 2 x Scart, VGA, Component, Composite, CVBS, Audio in og út, S/PDIF Digital coaxia, heyrnartólstengi, USB með MKV stuðningi, Common Interface lesari ofl.

**37" ▶ 109.990**
FRÁBÆRT VERÐ

*Alltaf gæði og góð kaup!*
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**Panasonic**
**ideas for life**
Á ÍSLANDI

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

## > Jim Carrey

„Alveg frá því að ég varð frægur hef ég stundum prófað að snúa dæminu við og elt suma aðdáendur mína á röndum.“

***Jim Carrey leikur mann sem kemur inn á heimili fólks og tengir sjónvarpskapalinn í sprenghlægilegu gamanmyndinni The Cable Guy sem er á Stöð 2 Bíó kl. 18.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR KVEÐUR TVO UMDEILDA LÝTALÆKNA

# *Bæ, bæ, siðleysi og úrkynjun*

Þættirnir Nip/Tuck eru á enda runnir. Í síðustu viku var sýndur hundraðasti og síðasti þátturinn í þessari vinsælu en jafnframt umdeildu þáttaröð. Þættirnir komu fyrst fram á sjónarsviðið árið 2003 og vöktu þeir félagar Sean McNamara og Christian Troy strax feikimikla athygli. Þættirnir opnuðu hina furðulegu veröld lýtalækninga fyrir fólki sem upplifði sig líklega eins og gluggagægjar inn í líf hinna ríku og spilltu. Kynlíf, ofbeldi, dópneysla í bland við blóðugar aðgerðir áttu upp á pallborðið hjá sjónvarpsáhorfendum.



Þættirnir hlutu lof gagnrýnenda og voru tilnefndir til fjölda verðlauna í gegnum árin. Þó voru ekki allir á eitt sáttir við hin grafísku og oft ógeðfelldu atriði þáttanna. Gerði PTC (Parents Television Counsil) harða atlögu að þáttunum og vildi að sýningu þeirra yrði hætt. Helst fór fyrir brjóstið á þeim kynlífsatriði þar sem fjórir tóku þátt í kynlífsathöfn í einu. Annar þáttur sem þótti í hæsta máta óviðeigandi var þáttur um starfsmann útfararstofnunar sem stundaði að safna saman útlimum og líkamshlutum til að sauma saman og búa til hina fullkomnu konu. Þá vakti þáttur um konu sem framkvæmdi brjóstnám á sjálfri sér með rafknúnum steikarhníf í móttöku lýtalæknastofunnar mikla úlfúð meðal andstæðinga þáttanna.

Þættirnir stóðust þó allar atlögur. Sjötta og síðasta serían var jafn drungaleg og áður þótt örlað hafi á örlítilli bjartsýni í lok allra síðasta þáttarins. Óhætt er að segja að Nip/Tuck hafi átt stóran aðdáendahóp. Þeim sem haldnir eru miklum fráhvarfseinkennum vegna endaloka þáttarins get ég bent á aðra jafn úrkynjaða þætti sem sjá má á E Television, Dr. 90210 sem eru súrrealískir raunveruleikaþættir um lýtalækna í henni Hollywood.

## SJÓNVARPIÐ

**13.45 Í skóm drekans** (e)
**15.20 Meistaradeild í hestaíþróttum** (e)
**15.35 Þýski boltinn** (e)
**16.35 Íslenski boltinn** (e)
**17.20 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Skordýrin í Sólarlaut** (37:43)
**18.23 Skúli skelfir** (30:52)
**18.34 Kobbi gegn kisa** (15:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Sportið** Fjallað er um hinar ýmsu íþróttagreinar frá margvíslegum hliðum.
**20.40 Skólaklíkur** (7:12) (Greek) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.
**21.25 Návígi** (Hulda Gunnlaugsdóttir) Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Dauðir rísa** (11:12) (Waking the Dead VI) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar óupplýst mál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.20 Fréttir** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Flintstones**
**10.00 Journey to the Center of the Earth**
**12.00 The Cable Guy**
**14.00 The Flintstones**
**16.00 Journey to the Center of the Earth**
**18.00 The Cable Guy**
**20.00 How She Move**
**22.00 The Dead One**
**00.00 10.000 BC**
**02.00 See No Evil**
**04.00 The Dead One**
**06.00 Fletch**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (4:25)
**11.00 The New Adventures of Old Christine** (6:22)
**11.25 Wonder Years** (6:6)
**11.50 Tim Gunn's Guide to Style** (4:8)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (1:24)
**13.25 America's Got Talent** (5:26)
**14.10 America's Got Talent** (6:26)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Ben 10**
**15.53 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (14.21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (18:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (11:23)
**20.10 Modern Family** (14:24)
**20.35 Two and a Half Men** (19:22)
**21.00 Chuck** (16:19) Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**21.45 Burn Notice** (11:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar.
**22.30 Daily Show: Global Edition**
**22.55 Pretty Little Liars** (15:22)
**23.40 Grey's Anatomy** (14:22)
**00.25 Medium** (21:22)
**01.10 Nip/Tuck** (19:19)
**01.55 Leatherheads**
**03.45 The Dying Gaul**
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.55 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**18.50 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**19.20 Everton - Reading** Bein útsending frá leik Everton og Reading í 5. umferð ensku FA-bikarkeppninnar.
**21.30 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**22.25 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast margir frábærir spilarar.
**23.15 Everton - Reading** Útsending frá leik Everton og Reading í 5. umferð ensku FA bikarkeppninnar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Stoke - WBA**
**15.10 Aston Villa - Blackburn** Útsending frá leik Aston Villa og Blackburn Rovers í ensku úrvalsdeildinni.
**16.55 Wigan - Man. Utd** Útsending frá leik Wigan og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.35 Chelsea - Man. Utd.** Bein útsending frá stórleik Chelsea og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
**21.45 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.15 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**22.45 Chelsea - Man. Utd.** Útsending frá leik Chelsea og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.20 Spjallið með Sölva** (2:16) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (2:16) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 90210** (14:22) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Got To Dance** (8:15) (e)
**19.00 Being Erica** (3:13) (e)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (25:39)
**20.10 Survivor** (13:16) Bandarískir raunveruleikaþættir þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
**21.00 Dyngjan** (3:12) Konur kryfja málin til mergjar í Dyngjunni, glænýjum sjónvarpsþætti undir stjórn kjarnakvennanna Nadiu Katrínar Banine og Bjarkar Eiðsdóttur.
**21.50 The Good Wife** (6:23) Alicia tekur að sér mál gegn lyfjafyrirtæki sem setti þunglyndislyf á markað sem ber ábyrgð á óhugnanlegu dauðsfalli hjóna. Vinni hún málið mun það tryggja lögfræðisstofunni rekstur og opna á stóra hópmálsókn gegn lyfjarisanum.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 CSI** (7:22) (e)
**00.15 The Cleaner** (10:13) (e)
**01.00 The Good Wife** (6:23) (e)
**01.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**
**07.10 World Golf Championship 2011** (1:5)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 World Golf Championship 2011** (1:5)
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour - Highlights** (8:45)
**19.45 Abu Dhabi Golf Championship** (2:2)
**23.10 Golfing World**
**00.00 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Gossip Girl** (4:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraðra unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðal sögupersónanna. Líf unglinganna ætti að virðast auðvelt þar sem þeir hafa allt til alls, en valdabarátta, metnaður, öfund og fjölskyldu- og ástalíf þeirra veldur þeim ómældum áhyggjum og safaríkar söguflétturnar verða afar dramatískar.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (13:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfulla menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu þrátt fyrir mikið mótlæti frá klappstýrukennaranum Sue sem nýtir hvert tækifæri til þess að koma höggi á söngkennarann Will og hæfileikahópinn hans. Fjölmargar gestastjörnur bregða á leik í þáttunum.
**22.35 Undercovers** (13:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrum CIA-njósnarar og reka nú litla veisluþjónustu í Los Angeles, líf þeirra tekur stakkaskiptum þegar leyniþjónustan hefur samband og kallar þau aftur til starfa.
**23.20 Gossip Girl** (4:22)
**00.05 The Doctors**
**00.45 Sjáðu**
**01.10 Fréttir Stöðvar 2**
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Rýnum í stöðu samningamála.
**21.00 Græðlingur** Gurrý heldur áfram að fræða börnin í leikskólanum Regnboganum.
**21.30 Svartar tungur** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór heitir úr þingsal.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 19.35**
**Chelsea - Man. Utd.**

Risaslagur Chelsea og Manchester United er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 2 í kvöld. United trónir á toppi deildarinnar með 60 stig en Chelsea er í 5. sæti með 45 stig. United hefur oft lent í vandræðum á Stamford Bridge og hefur ekki unnið á Brúnni síðan 2002.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Fulltrúar framtíðarinnar **14.03** Sker **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Fimm fjórðu **23.08** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.20** EastEnders **11.50** Dalziel and Pascoe **12.40** Dalziel and Pascoe **13.30** Deal or No Deal **14.05** Deal or No Deal **14.40** ,Allo ,Allo! **15.10** ,Allo ,Allo! **15.45** Doctor Who **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** ,Allo ,Allo! **19.00** ,Allo ,Allo! **19.30** Little Britain **20.00** Last of the Summer Wine **20.30** Monarch of the Glen **21.20** Coupling **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.40** Monarch of the Glen

### DR 1

**12.30** Tæt på Dyrene **13.00** Herlufsholm. Præfekten **13.30** Blod, sved og T-shirts **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump høster kokosnødder **15.15** Byggemand Bob **15.30** Lille nørd **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Kender du typen **19.30** Snydt igen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Kommissæren og havet **22.30** Bag Facaden

### NRK 1

**09.00** Bokprogrammet **09.30** VM Oslo 1982 **10.00** NRK nyheter **10.05** VM Oslo 1982 **10.30** VM Oslo 2011 **11.00** NRK nyheter **11.10** VM Oslo 2011 **14.00** NRK nyheter **14.10** Mitt heftige bryllaup **15.00** NRK nyheter **15.05** Det må jeg gjøre før jeg dør **15.45** Glimt av Norge **16.00** NRK nyheter **16.10** VM Oslo 2011 **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** VM Oslo 2011 **17.40** Distriktsnyheter **18.30** VM-kveld **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Snøballkrigen **21.10** The Pacific **22.05** Kveldsnytt

### SVT 1

**09.30** Gomorron Sverige **10.15** Fråga doktorn **11.00** Rapport **11.05** Klass 9A **11.35** VM-studion **12.00** Skid-VM i Oslo **13.30** VM-studion **14.05** Vilma **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Notes From the Underbelly **15.25** Anslagstavlan **15.30** På spåret **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Dansbanan i Täfteå **20.00** Veckans brott **21.00** Dox







**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Það er Majones í Tjarnarbíói. Þar eru frábærir kokkar og þarna er allt heilsusamlegt, gott og ekki síst fallegt, sem skiptir öllu máli fyrir hönnuð eins og mig.“*

Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Menningarmiðstöðvar og grafískur hönnuður.

# Ari Eldjárn stekkur á milli sýninga

„Við ákváðum að halda skemmtunina í Þjóðleikhúsinu fyrir löngu. Það sökk í mér hjartað þegar ég fékk boðsmiðann á frumsýningu Okkar eigin Osló,“ segir grínistinn Ari Eldjárn.

Ari og félagar í grínhópnum Mið-Íslandi halda fyrsta uppistandskvöldið sitt á árinu í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld. Hálftíma áður en skemmtunin hefst verður gamanmyndin Okkar eigin Osló frumsýnd, en Ari fer með hlutverk í henni og er því um frumraun hans á hvíta tjaldinu að ræða. Hann neyðist því til að velja á milli, eða hvað?

„Ég er að spá í að reyna, ef ég get, að mæta á myndina og hugsanlega vera þá seinastur til að troða upp í kjallaranum,“ segir Ari, augljóslega á milli steins og sleggju. „Mig langar samt líka að vera í kjallaranum allt kvöldið. Ég hugsa að þetta endi á því að ég sjái fyrsta hálftíma myndarinnar, fari svo og troði upp með öllum og fari svo í partíið eftir frumsýninguna án þess að vita hvernig myndin endaði.“

En helldurðu að Þorsteinn [Guðmundsson, handritshöfundur og einn af aðalleikurum Okkar eigin Osló] verði sár?

„Það get ég ekki ímyndað mér. Hann hefur fullan skilning á þessu. Enda er hann með leikjahærri uppistandsmönnum landsins. Hann veit hvernig þetta er.“

Ásamt Ara koma þeir Bergur Ebbi Benediktsson, Halldór Halldórsson og Jóhann Alfreð Kristinsson fram á uppistandskvöldinu ásamt Sólmundi Hólm, sem verður sérstakur gestauppistandari.

- afb



**MILLI STEINS OG SLEGGJU** Ari Eldjárn verður með uppistand sama kvöld og gamanmyndin Okkar eigin Osló, eldskírn hans á hvíta tjaldinu, verður frumsýnd.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Farsinn Nei, ráðherra í leikstjórn Magnúsar Geirs Þórðarsonar var frumsýndur á föstudagskvöldið að viðstöddum broddborgurum landsins. **Gísli Rúnar Jónsson** heimfærir leikrit Ray Cooney og það er uppfullt af tilvísunum í íslenskt stjórnmálalíf. Sýningin hófst reyndar á því að rödd Ólafs Ragnars Grímssonar (eða eftirhermu hans) bauð gesti velkomna og það vakti eðlilega mikla kátínu.





Ekki skemmdi heldur fyrir hjá hinum almenna gesti að stjórnmálamennirnir Bjarni Benediktsson og **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** voru meðal gesta í salnum en „einkaritari“ þess síðarnefnda leikur stórt hlutverk í farsanum. Þá ætlaði allt um koll að keyra þegar Jóhanna Sigurðardóttir birtist allt í einu. Meðal annarra sem skelltu upp úr í stóra sal Borgarleikhússins var Jón Óttar Ragnarsson Herbalife-kóngur, Bjarni Haukur, Björn Thors og Reynir Lyngdal. - fgg


FASTUS




Betra kaffi!

Kaffivél með hitabrúsa

Tekur aðeins 7 mínútur
að hella upp á 2,2 lítra
af kaffi.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | S: 580 3900 | www.fastus.is



Ljáðu okkur eyra

Hádegistónlist í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur
frá kl. 12:15 til 12:45

**Enginn aðgangseyrir**
**Allir velkomnir**

Listrænn stjórnandi Gerrit Schuil



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK


ÞORSTEINN GUNNAR BJARNASON: ÞETTA VAR EKKI NÓGU VEL ÆFT

# Leikstjórinn fékk tvö göt á höfuðið á tökustaðnum

Leikstjórinn Þorsteinn Gunnar Bjarnason fékk tvö göt á höfuðið á einum og sama deginum við tökur á stuttmyndinni Bellu í síðustu viku. Hann leikstýrir myndinni og fer einnig með hlutverk eiginmanns söng- og leikkonunnar Nönu Alfreðsdóttur. Í einu atriðanna skvettir persóna Nönu sjóðandi feiti framan í andlit eiginmanns síns og lemur hann svo í höfuðið með pönnu. Ekki vildi betur til en að hann fékk pönnuna í höfuðið og hlé var gert á upptökum á meðan blæðingin var stöðvuð. Nana þurfti svo að lemja hann aftur í höfuðið með pönnunni, en hún og Þorsteinn voru ekki nógu vel samstillt sem varð til þess að hann fékk stórt gat á höfuðið þegar pannan skall á honum.



**GERT AÐ SÁRUM LEIKSTJÓRANS** Þorsteinn var í gervi manns með brunasár í andliti þegar gert var að raunverulegum sárum hans.

„Þetta var ekki nógu vel æft og því fór sem fór,“ segir Þorsteinn. Vegna flensu í leikarahópnum varð að fresta tökum á myndinni um eina helgi. Það varð svo til þess að maðurinn sem átti að stýra ofbeldisatriðunum var ekki á landinu þegar þau voru tekin upp. „Það var ekki búið að plana þetta nógu vel,“ segir Þorsteinn. „Þetta var engum að kenna. Fólk missti sig í æsingnum. Það þarf svo lítið til, ég fór til dæmis með hausinn aðeins of nálægt og fékk pönnuna í mig.“

En eru þetta mestu barsmíðar sem þú hefur orðið fyrir?

„Já. Allavega frá konu – það er alveg ljóst. Og með búsáhöldum líka,“ segir Þorsteinn léttur og bætir við að slysin hafi ekki orðið til þess að hann ætli að leggja fyrir sig áhættuleik. „Ef það er einhver tími til að hætta við það, þá er það eftir þetta.“

Þorsteinn var afar ófrýnilegur að sjá þegar gera átti að sárum hans. Búið var að setja hann í gervi manns með skaðbrennt andlit, sem varð til þess að þegar á heilsugæsluna var komið þurfti að láta heilbrigðisstarfsfólk vita að það ekki þyrfti að gera að *brunasárunum*. „Þetta gekk mjög vel, þó að það hafi gengið á ýmsu. Þetta voru mjög góðar tökur,“ segir Þorsteinn.

Þorsteinn sendi síðast frá sér gamanmyndina Jóhannes með Ladda í aðalhlutverki. Bella er að hans sögn tragíkómedía. „Þetta er svolítið súrrealísk mynd,“ segir hann. „Blanda af öllu með svörtum húmor.“ atlifannar@frettabladid.is



**BÚINN AÐ JAFNA SIG** Þorsteinn segist aldrei hafa orðið fyrir jafn miklum barsmíðum með búsáhöldum.

# Unnu við verstu mynd ársins

„Ég get ekki annað sagt en að hún sé vel að þessu komin,“ segir brellumeistarinn Haukur Karlsson. Ævintýramyndin The Last Airbender sem hann starfaði við ásamt Jóhannesi Sverrissyni hlaut Razzie-skammarverðlaunin í Hollywood sem versta mynd síðasta árs.

Leikstjóri hennar er M. Night Shyamalan, höfundur The Sixth Sense, og fóru brellutökur Hauks og Jóhannesar fram í fimbulkulda á Grænlandi, eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu. „Þegar ég fór að sjá hana í bíó var það eiginlega hálf pínlegt. Það sem ég gerði, Grænlandsparturinn, gerðist á fyrstu tíu mínútunum. Það var mikið spáð í því að halda ekkert áfram eftir hlé en maður lét sig nú hafa það,“ segir Haukur og getur ekki annað en hlegið að Razzie-verðlaununum. „Það fyndnasta af öllu er að hún kom ekki út í tapi. Myndin kostaði 150 milljónir dollara en þénaði tvö eða þrjú hundruð.“

Haukur vann á sínum tíma við myndina The Flags of Our Fathers, sem var tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna, sem er himinn og haf frá Razzie-verðlaununum. „Verður maður ekki að prófa að vera báðum megin á skalanum,“ segir hann léttur.



**BRELLUMEISTARAR** Haukur Karlsson og Jóhannes Sverrisson störfuðu við verstu mynd síðasta árs að mati Razzie-dómnefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Haukur rekur núna brellufyrirtæki með Jóhannesi og tveimur Dönum sem hann kynntist við gerð The Last Airbender. Þeir unnu saman að dönsku myndinni ID:A sem verður frumsýnd í haust og er dýrasta hasarmyndin sem var gerð í Skandinavíu í fyrra. - fb

58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM!

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060





KYNNINGARBLAÐ STÖÐVAR 2 FYLGIR MEÐ Í DAG

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Seal í stað Bjarkar

Breska upptökustjóranum og lagahöfundinum Labrinth er spáð miklum frama í bresku tónlistarlífi á næstu árum. Hann er fyrsti tónlistarmaðurinn sem hinn orðljóti Idol-dómari Simon Cowell fær til liðs við sig og breskir fjölmiðlar bíða spenntir eftir fyrstu sólóskífu hans. Meðal þeirra sem áttu að syngja með honum á plötunni var **Björk Guðmundsdóttir** en íslensku söngkonunni virðist ekkert hafa litist á blikuna samkvæmt breska blaðinu Daily Star. Blaðið hefur eftir Labrinth að hún hafi ekkert látið ná í sig og hann neyðist því til að fá Seal til að hlaupa í skarðið. „Ekki að það séu neitt slæm skipti," hefur Daily Star eftir honum.



### Takk, Eyjafjallajökull

Hin árlegu blaðamannaverðlaun voru afhent um helgina. Verðlaunum fyrir bestu fréttaumfjöllun var skipt jafnt á milli þriggja fréttastofa fyrir umfjöllun þeirra um eldgosið í Eyjafjallajökli. **Kristján Már Unnarsson,** fréttastjóri Stöðvar 2, var einn fjölmargra verðlaunahafa. Í þakkarræðu sinni tók Kristján fram að hann hefði alla sína blaðamannatíð verið svekktur yfir því að hafa misst af eldgosinu í Heimaey. Fréttastjóri nýtti því tækifærið og þakkaði Eyjafjallajökli kærlega fyrir þennan heiður. Fulltrúar RÚV og Morgunblaðsins fetuðu í fótspor hans og þökkuðu jöklinum einnig. Fór þetta allt saman fram í sal, þöktum ljósmyndum sem sýndu vel hvað Eyjafjallajökull hafði gert til þess að verðskulda þakkirnar. Spurning um hversu þakklátir bændurnir undir Eyjafjöllum eru.



**- fgg, sv**

### Mest lesið – VÍSIR.IS

1. Einelti af verstu gerð
2. Sjómaður drukknaði í gærkvöldi
3. Bretar sigursælir á Óskarnum
4. Verðlaunahafar á Óskarnum – listinn
5. Árshátíðarmyndbandi Icelandair líkt við Twilight Zone


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN




ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKIÐ Í VASANUM MEÐ VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. VÍSIR.IS

VAXTALAUSIR DAGAR Í REKKJUNNI

Nú getur þú skipt greiðslunum vaxtalaust í allt að 18 mánuði á öllum heilsurúmum frá King Koil





Amelia
(Queen Size 153x203 cm)
7.148 kr.
í 18 mánuði eða
119.760 kr. staðgreitt
(fullt verð 149.700)
= 20% afsláttur



Corsica Plush
(Queen Size 153x203 cm)
11.482 kr.
í 18 mánuði eða
195.500 kr. staðgreitt
(fullt verð 230.000)
= 15% afsláttur



AC-Pacific
(Queen Size 153x203 cm)
10.572 kr.
í 18 mánuði eða
179.592 kr. staðgreitt
(fullt verð 213.800)
= 16% afsláttur

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16